Til að tryggja betur að farið sé eftir öryggisákvæðum við flutninga á hættulegum farmi á vegum, þarf jafnframt að setja ákvæði um að eftirlit fari fram í fyrirtækjum í fyrirbyggjandi skyni, eða þegar í ljós kemur við vegaeftirlit alvarlegt brot á lögum um flutninga á hættulegum farmi.

Viðhafa skal slíkt eftirlit varðandi allan hættulegan farm sem er fluttur á vegum að öllu leyti eða að hluta til á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, óháð brottfarar- eða ákvörðunarstað farmsins eða skráningarlandi ökutækisins.

Ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða er hægt að fara fram á það við lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð, eða fyrirtækið hefur staðfestu, að þau geri viðeigandi ráðstafanir jafnframt því sem þeim ber að tilkynna aðildarríkinu sem fer fram á slíkt til hvaða ráðstafana var gripið.

Um beitingu þessarar tilskipunar skal farið eftir skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fram.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

1. Þessi tilskipun gildir um eftirlit aðildarríkjanna með flutningi á hættulegum farmi á vegum með ökutækjum sem fara um yfirráðasvæði þeirra eða koma þangað frá þriðja landi.

Hún gildir ekki um flutninga á hættulegum farmi á vegum með ökutækjum sem tilheyra herjum eða eru á ábyrgð þeirra.

2. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna, að teknu tilliti til laga bandalagsins, til að gera kröfur varðandi innanlands- og millilandaflutninga á hættulegum farmi á yfirráðasvæðum þeirra með ökutækjum sem þessi tilskipun nær ekki til.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki, með eða án yfirbyggingar, sem ætluð eru til aksturs á vegum, á fjórum eða fleiri hjólum, ásamt eftirvögnum, hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og hvers konar hreyfanlegum vélbúnaði,
- „hættulegur farmur“: hættulegur farmur samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 94/55/EB,
- „flutningar“: allir flutningar á vegum með ökutækjum sem fara að hluta til eða eingöngu fram á opinberum vegum innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, þar með talið ferming og afferming sem fjallað er um í tilskipun 94/55/EB, með fyrirvara um fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í lögum aðildarríkjanna varðandi ábyrgð í tengslum við slíkan rekstur,
- „fyrirtæki“: einstaklingur, lögpersóna, hvort sem hún rekur fyrirtæki í hagnaðarskyni eða ekki, eða opinber stofnun, hvort sem hún er sjálfstæð lagaleg eining eða er háð sjálfstæðu yfirvaldi, er flytur, fermir eða affermir hættulegan farm eða sér um flutning hans og fyrirtæki sem geyma um stundarsakir, safna, pakka eða fá afhenda slíkan farm í sambandi við flutninga og hafa aðsetur á yfirráðasvæði bandalagsins,
- „eftirlit“: hvers konar eftirlit, skoðun, sannprófun eða formsatriði sem innlend yfirvöld viðhafa með hliðsjón af öryggi í flutningum á hættulegum farmi.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að haft sé eftirlit með hæfilegum hluta hættulegra farmsendinga sem fluttar eru á vegum í samræmi við þessa tilskipun til að kanna hvort þær séu í samræmi við lög um flutninga á hættulegum farmi á vegum.

2. Slíkt eftirlit skal fara fram á yfirráðasvæði aðildarríkis í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4060/89 og 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3912/92.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu nota gátlistann í I. viðauka við eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Yfirvald skal taka afrit af gátlistanum eða afhenda ökumanni vottorð um niðurstöður eftirlits til þess að einfalda megi eða komast hjá frekara eftirliti,

þar sem því verður við komið. Þessi málsgrein er með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að gera sérstakar ráðstafanir um nákvæmara eftirlit.

2. Eftirlitið skal vera í formi slembiúrtaks og ná til mikils hluta vegakerfisins, ef unnt er.

3. Eftirlit skal fara fram á stöðum þar sem lagfæra má ólögleg ökutæki til samræmis við reglur telji eftirlitsaðili nauðsynlegt að kyrrsetja ökutæki eða á stað sem er til þess ætlaður án þess að af því hljóttist hætta.

4. Ef við á og skapi það ekki hættu má taka sýni úr farmi sem verið er að flytja og senda á rannsóknastofu sem viðurkennd er af lögbæru yfirvaldi.

5. Eftirlit skal ekki taka óhóflega langan tíma.

5. gr.

Með fyrirvara um önnur viðurlög sem beita má er heimilt að kyrrsetja ökutæki sem brotið hefur gegn ákvæðum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, einkum einu eða fleiri af þeim atriðum sem kveðið er á um í II. viðauka, eða senda það á stað sem eftirlitsyfirvöld tilgreina og skal ökutækið lagfært þar til samræmis við reglur áður en akstri er haldið áfram, að öðrum kosti má grípa til ráðstafana teljist slíkt nauðsynlegt með tilliti til aðstæðna eða af öryggisástæðum; ef nauðsyn krefur má neita ökutækinu um að koma inn í bandalagið.

6. gr.

1. Eftirlit getur einnig farið fram á athafnasvæði fyrirtækja í fyrirbyggjandi skyni eða við vegaeftirlit ef brot er upplýst er stefnt gæti flutningi á hættulegum farmi í tvísýnu.

2. Tilgangurinn með slíku eftirliti er að tryggja að flutningar á hættulegum farmi á vegum fari fram í samræmi við gildandi öryggisákvæði.

Ef staðfest eru eitt eða fleiri brot, einkum á atriðum sem skráð eru í II. viðauka, að því er varðar flutninga á hættulegum farmi á vegum, skal sjá til þess að flutningarnir fari fram í samræmi við reglur áður en farmurinn fer frá fyrirtækinu eða gera aðrar viðeigandi ráðstafanir.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað til að tryggja góða framkvæmd þessarar tilskipunar.

2. Alvarleg eða endurtekin brot ökutækis eða fyrirtækis annars lands, er tefla öryggi við flutninga á hættulegum farmi í tvísýnu, ber að tilkynna til lögbærra yfirvalda í skráningarríki ökutækisins eða landsins þar sem fyrirtækið hefur staðfestu.

Lögbær yfirvöld aðildarríkis þar sem alvarlegt eða endurtekið brot hefur verið skráð geta farið fram á það við lögbær yfirvöld skráningarríkis ökutækisins, eða landsins þar sem fyrirtækið hefur staðfestu, að þau geri viðeigandi ráðstafanir gagnvart hinum brotlega eða brotlegu.

Síðarnefndu yfirvöldin skulu tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins þar sem brotin voru skráð um þær ráðstafanir sem gripið er til gagnvart flytjanda eða fyrirtæki.

8. gr.

Komi í ljós við vegaeftirlit á ökutæki, sem skráð er í öðru aðildarríki, eitthvað er gefur tilefni til að álíta að um alvarleg eða endurtekin brot sé að ræða, sem er ekki hægt að rekja við eftirlit vegna skorts á nauðsynlegum gögnum, geta lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja aðstoðað hvert annað við að upplýsa málið. Láti lögbær yfirvöld fara fram skoðun í fyrirtæki í þessu skyni skal tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjunum um niðurstöðurnar.

9. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig skal senda framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en tólf mánuðum eftir lok almansárs, í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka, um beitingu þessarar tilskipunar ásamt upplýsingum um eftirfarandi:

- ef mögulegt er skal magn hættulegs farms sem á að flytja á vegum tilgreint eða áætlað (í fluttum tonnum eða tonnum á kílómetra),
- hversu oft eftirlit fer fram,
- fjölda ökutækja sem skoðuð hafa verið flokkuð eftir skráningarstað (ökutæki skráð eftir löndum, í öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum),
- fjölda og tegundir skráðra brota,

- hve oft og hvaða viðurlögum var beitt.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu í fyrsta sinn árið 1999 og eftir það á að minnsta kosti þriggja ára fresti skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum og tilgreina upplýsingar í samræmi við 1. mgr. hér að framan.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 6. október 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

I. VIÐAUKI

GÁTLISTI

1. Eftirlitsstaður 2. Dagsetning 3. Tími
4. Landsmerki og skráningarnúmer
ökutækis 5. Landsmerki og skráningarnúmer
eftirvagns/festivagns
6. Gerð ökutækis vörubíll vagnalest liðskipt ökutæki með pöllum
7. Flutningafyrirtæki/póstfang
..... 8. Ríkisfang
9. Ökumaður
10. Aðstoðarmaður
11. Sendandi, póstfang, fermingarstaður⁽¹⁾.....
.....
12. Viðtakandi, póstfang, affermingarstaður⁽¹⁾
.....
13. Brúttómassi hættulegs farms á flutningseiningu
14. Magntakmarkanir samkvæmt spássíunr. 10 011 brotnar Já Nei
15. Flutt er í
- föstum tanki lausum tanki tankagámum tankasamstæðum
- búlkum gámum pökkum
- Skjöl um borð í ökutæki**
16. Flutnings-/fylgiskjal skoðað brot staðfest á ekki við
17. Skrifleg fyrirmæli skoðað brot staðfest á ekki við
18. Tvíhliða/marghliða samningur/innlent leyfi skoðað brot staðfest á ekki við
19. Viðurkenningarvottorð ökutækis skoðað brot staðfest á ekki við
20. Vottorð um þjálfun ökumanns skoðað brot staðfest á ekki við

⁽¹⁾ Tilgreint í „athugasemdir“ ef um samflutninga er að ræða.

Ökutæki í flutningi

- | | | | |
|---|---------------------------------|--|-------------------------------------|
| 21. Farmur sem heimilt er að flytja | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 22. Búlkafarmur | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 23. Farmur í tönkum | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 24. Farmur í gámum | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 25. Leyfður farmur fyrir gerð ökutækis | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 26. Bann við farmlöndun | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 27. Meðferð og geymsla ⁽²⁾ | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 28. Farmleki eða skemmdar umbúðir ⁽²⁾ | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 29. SP-númer/-umbúðamerkingar ⁽¹⁾ ⁽²⁾ | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 30. Merking ökutækis og/eða gáms | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 31. Hættumerking(ar) tanks eða búlka | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |

Búnaður ökutækis

- | | | | |
|---|---------------------------------|--|-------------------------------------|
| 32. Verkfæri til bráðabirgðaviðgerða | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 33. Minnst eitt sett af skorðum á ökutæki | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 34. Tvö appelsínugul ljós | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 35. Slökkvitæki (eitt eða fleiri) | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |
| 36. Persónuhlífar fyrir ökumann | <input type="checkbox"/> skoðað | <input type="checkbox"/> brot staðfest | <input type="checkbox"/> á ekki við |

37. Ýmislegt/athugasemdir

38. Skoðunaraðili/skoðunarmaður

⁽¹⁾ Tilgreint í „athugasemdir“ ef um samflutninga er að ræða.

⁽²⁾ Sýnileg brot athuguð.

II. VIÐAUKI

BROT

Í þessari tilskipun telst eftirfarandi brot:

1. Framur sem er án flutningsleyfis.
2. Vanti yfirlýsingu sendanda um að farmurinn og pökkun hans sé í samræmi við flutningsreglugerðir.
3. Komi fram leki á hættulegum efnnum frá ökutækinu við skoðun vegna þess að tankur eða pakkningar eru óþétt.
4. Ökutæki sem er án gerðarviðurkenningarvottorðs eða vottorð er ekki í samræmi við reglugerð.
5. Ökutæki sem hafa ekki appelsínugul merki eða appelsínugul merki eru ekki í samræmi við reglugerð.
6. Ökutæki sem eru án öryggisleiðbeininga eða eru með rangar öryggisleiðbeiningar.
7. Ófullnægjandi ökutæki eða umbúðir.
8. Hafi ökumaður ekki fengið starfsþjálfun til flutninga á hættulegum farmi á vegum eins og reglur gera ráð fyrir.
9. Vanti slökkvitæki í ökutæki.
10. Vanti hættumerkingar samkvæmt reglugerð á ökutæki eða umbúðir.
11. Vanti í ökutæki flutnings-/fylgiskjöl eða séu upplýsingar um hættulegan farm um borð ekki í samræmi við fyrirmæli.
12. Falli ökutæki ekki undir tvíhliða/marghliða samning eða uppfylli ekki ákvæði samningsins.
13. Yfirfullur tankur.

III. VIÐAUKI

STAÐLAÐ EYÐUBLAÐ FYRIR SKÝRSLU UM BROT OG VIÐURLÖG SEM SENDA SKAL TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

Land: Ár:

Vegaftirlit

	Skráningarstaður ökutækis ⁽¹⁾			
	Skoðunar-land	Önnur aðildar-ríki ESB	Þriðju lönd	Heildarfjöldi
Fjöldi skoðaðra ökutækja				
Fjöldi skráðra brota eftir tegund brots				
Hve oft og hvaða viðurlögum var beitt				

⁽¹⁾ Að því er þennan viðauka varðar er skráningarlandið landið þar sem vélknúna ökutækið er skráð.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/23/05

nr. 20/96
frá 26. mars 1996

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2158/93) í XIII. viðauka við samninginn:

„56b. **395 L 0021:** Tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna (Stjtíð. EB nr. L 157, 7. 7. 1995, bls. 1).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 95/21/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

(¹) Stjtíð. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 18, 25. 4. 1996, bls. 24.

(²) Stjtíð. EB nr. L 157, 7. 7. 1995, bls. 1.

TILSKIPUN RÁÐSINS 95/21/EB

frá 19. júní 1995

um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna(*)**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bandalagið hefur alvarlegar áhyggjur af sjóslysum og mengun hafa og strandlengja aðildarríkjanna.

Bandalagið hefur að sama skapi áhyggjur af aðbúnaði manna um borð í skipum og vinnuskilyrðum þar.

Á fundi sínum 25. janúar 1993 samþykkti ráðið ályktun um að hvetja bandalagið og aðildarríki þess til að tryggja fullnægjandi beitingu og framkvæmd viðeigandi alþjóðlegra staðla um öryggi á hafinu og umhverfisvernd og að hrinda í framkvæmd nýjum ráðstöfunum á þessu sviði þegar þær verða samþykktar.

Í ályktun frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti (4) hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að leggja eins skjótt og auðið væri ábendingar fyrir ráðið um sérstakar aðgerðir og formlegar tillögur um viðmiðanir vegna skoðunar skipa, þar með talið samræming reglna um kynnsetningu auk hugsanlegrar útgáfu niðurstaðna skoðananna og synjunar aðgangs að höfnum bandalagsins.

Bæta má til muna öryggi, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í skipum á þann hátt að beita til hins ítrasta alþjóðasamningum, reglum og ályktunum og draga þannig verulega úr siglingum skipa sem ekki uppfylla staðla.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 157, 7. 7. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/96 frá 26. mars 1996 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 107, 15. 4. 1994, bls. 14 og Stjttíð. EB nr. C 347, 8. 12. 1994, bls. 15.

(2) Stjttíð. EB nr. C 393, 31. 12. 1994, bls. 50.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 27. október 1994 (Stjttíð. EB nr. C 347, 8. 12. 1994, bls. 15), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. mars 1995 (Stjttíð. EB nr. C 93, 13. 4. 1995, bls. 25) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. maí 1995 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(4) Stjttíð. EB nr. C 271, 7. 10. 1993, bls. 1.

Eftirlit með því að skip fari eftir alþjóðlegum stöðlum um öryggi, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð ætti aðallega að hvíla á fánaríki. Sífelld fleiri fánaríki vanrækja þó að hrinda í framkvæmd og framfylgja alþjóðastöðlum. Því hefur einnig verið búið svo um hnútana að eftirlit með því hvort farið sé að alþjóðastöðlunum um öryggi, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð verði í höndum hafnarríkis.

Með samræmdum aðgerðum aðildarríkjanna sem miða að því að framfylgja þessum alþjóðlegu stöðlum með áhrifaríkum hætti að því er varðar skip sem sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna og nota hafnir þeirra má koma í veg fyrir röskun á samkeppni.

Mjög mikilvægt er að fyrir hendi sé rammi í lögum bandalagsins til að samræma framkvæmd skoðunar til að tryggja samhæfða beitingu reglna um öryggi á hafi úti og mengunarvarnir, en þau eru undirstaða stefnu bandalagsins í samgöngu- og umhverfismálum.

Sjávarmengun er í eðli sínu þannig að hún berst yfir landamæri. Samkvæmt dreifræðisreglunni er heppilegast að þróun aðferða, sem miða að því að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir á þessu sviði með tilliti til hafanna sem liggja að aðildarríkjunum, fari fram á vettvangi bandalagsins þar sem aðildarríkin geta ekki gripið til áhrifamikilla og haldgóðra aðgerða upp á sitt eindæmi.

Við gerð lagarammans og setningu reglna og viðmiðana fyrir hafnarríki er rétt að samþykkja reglugerð ráðsins.

Hagnýta skal reynsluna sem fékkst með Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU) sem undirritað var í París 26. janúar 1982.

Ef hvert aðildarríki skoðar að minnsta kosti 25 af hundraði þeirra erlendra skipa sem koma árlega í hafnir þess þýðir það í raun að mikill fjöldi þeirra skipa sem athafna sig innan bandalagsins á hverjum tíma hafa verið skoðuð.

Gripið skal til frekari aðgerða til að þróa betra markkerfi.

Starfsreglur sem hafnarríki eiga að fara eftir við skoðun, þar með talið viðmiðunarreglur um kyrrsetningu skipa, skulu samræmdar til að tryggja að þær hafi sömu áhrif í öllum höfnum, en það dregur einnig verulega úr því að tiltekna komuhafnir séu valdar með það í huga að forðast hið virka eftirlitsnet.

Samkvæmt tölum um slys, kyrrsetningu og vanbúnað sem birtast í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, „Sameiginleg stefna um öryggi á höfunum“, og ársskýrslu Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (MOU) þurfa skip í tilteknum flokkum að gangast undir víðtæka skoðun.

Ef ekki er farið að ákvæðum viðeigandi samninga skal bætt úr því. Kyrrsetja skal þau skip sem uppálagt hefur verið að gera úrbætur þar til bætt hefur verið úr vanbúnaði ef ljóst er að slíkur vanbúnaður stofnar öryggi og heilsu manna sem og umhverfinu í hættu.

Heimilt skal vera að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda um kyrrsetningu til þess að koma í veg fyrir ósanngjarnar ákvarðanir sem geta valdið ónaúðsynlegri kyrrsetningu og töfum.

Aðstaða í skoðunarhöfn kann að vera þannig að lögbær yfirvöld verða að heimila skipi að halda til skipaviðgerðarstöðvar, að því tilskildu að skilyrði fyrir færslunni séu uppfyllt. Neita á þeim skipum um aðgang að höfnum bandalagsins sem sinna ekki kröfum um úrbætur og halda áfram að stofna öryggi og heilsu manna sem og umhverfinu í hættu og hafa áfram viðskiptalegan ávinning af því að komast hjá endurbótum í samræmi við viðeigandi ákvæði samninganna.

Við tiltekna aðstæður kann að vera nauðsynlegt að veita skipi, sem hefur verið meinaður aðgangur að höfnum bandalagsins, heimild til aðgangs. Í slíkum tilvikum ætti eingöngu að veita skipinu aðgang að tiltekinni höfn með því skilyrði að allar varúðarráðstafanir séu gerðar til að skipið komist heilu og höldnu í höfn.

Þar sem kröfur þær sem eru gerðar samkvæmt samningum að því er varðar smíði skipa, búnað og mönnun eru afar flóknar og vegna þess hve ákvarðanir skoðunarmanna kunna að hafa alvarlegar afleiðingar skal það tryggt að skoðunarmennirnir taki algjörlega óvilhallar ákvarðanir enda skulu skoðanir eingöngu framkvæmdar af skoðunarmönnum sem eru löggiltir opinberir starfsmenn eða öðrum einstaklingum með víðtæka þekkingu og reynslu.

Hafnsögumenn og hafnaryfirvöld kunna að geta veitt gagnlegar upplýsingar um vanbúnað slíkra skipa og áhafna.

Nauðsynlegt er að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og önnur yfirvöld eða stofnanir hafi með sér samstarf til að tryggja að

fylgst verði á virkan hátt með þeim skipum sem eru vanbúin en hafa fengið leyfi til að halda ferð sinni áfram og skipst verði á upplýsingum um skip í höfnum.

Í upplýsingakerfinu, sem nefnist SIRENAC E og var sett á lagginnar samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU) er að finna mikinn hluta af þeim viðbótarupplýsingum sem þörf er á við beitingu þessarar tilskipunar.

Birting upplýsinga um skip sem uppfylla ekki alþjóðlega staðla um öryggi, heilbrigði og verndun lífríkis sjávar getur haft mikinn fælingarmátt og kann að verða þess valdandi að flutningamiðlarar vilji ekki nota slík skip og hvetja eigendur þeirra til að gera ráðstafanir til að bæta úr vanbúnaði án þess að þeim sé gert að gera það.

Allur kostnaður við skoðun skipa sem réttlætir kyrrsetningu skal greiddur af eiganda eða útgerð.

Við framkvæmd þessarar tilskipunar ber að nýta krafta nefndarinnar, sem er skipuð samkvæmt 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins ⁽¹⁾, í því skyni að aðstoða framkvæmdastjórnina við að breyta skoðunarskyldum aðildarríkjanna með hliðsjón af fenginni reynslu, að teknu tilliti til þróunar á vettvangi Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (MOU), sem og að aðlaga viðaukana eftir þörfum í ljósi breytinga á samningum, bókunum, reglum og ályktunum viðeigandi alþjóðastofnana og Parísarsamkomulagsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur þessarar tilskipunar er að stuðla að því að draga verulega úr siglingum undirmálsskipa um hafsvæði sem heyra undir lögsögu aðildarríkja með því að:

- stuðla að því að farið sé eftir alþjóðlegri löggjöf og viðeigandi löggjöf bandalagsins um öryggi á hafi úti, verndun lífríkis sjávar og aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í skipum af öllum þjóðernum,
- koma á sameiginlegum viðmiðunum fyrir skipaefirlit af hálfu hafnarríkis og samræma verklagsreglur um skoðun og kyrrsetningu, að teknu tilliti til skuldbindinga sem siglingamálayfirvöld í aðildarríkjunum hafa gengist undir samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

2. gr. Skilgreiningar

Í þessari tilskipun og viðaukum hennar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „*Samningar*“:
 - alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL 66),
 - alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS 74),
 - alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 ásamt bókuninni frá 1978 (MARPOL 73/78),
 - alþjóðasamningur um hjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW 78),
 - samningur um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972 (COLREG 72),
 - alþjóðasamningur um mælingar skipa frá 1969, og
 - samningur um lágmarksstaðla kaupskipa frá 1976 (ILO nr. 147),

ásamt bókunum og breytingum á þessum samningum og tengdum bindandi reglum sem eru í gildi við samþykki þessarar tilskipunar.

2. „*MOU*“: Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit undirritað í París 26. janúar 1982 eins og það hljóðar daginn sem þessi tilskipun er samþykkt.
3. „*Skip*“: sérhvert skip sem siglir á opnu hafi sem einn eða fleiri þessara samninga gilda um og sigla undir öðrum fána en fána hafnarríkisins.
4. „*Stöð á hafi úti*“: fastur eða fljótandi pallur starfræktur á eða yfir landgrunni aðildarríkis.
5. „*Skoðunarmaður*“: opinber starfsmaður eða annar einstaklingur sem hlotið hefur viðurkenningu lögbærs yfirvalds í aðildarríki til að framkvæma hafnarríkiseftirlits-skoðanir og heyrir undir það.
6. „*Skoðun*“: farið um borð í skip til að athuga gildi viðeigandi skírteina og annarra skjala sem og ástand skipsins, búnaðar þess og áhafnar auk aðbúnaðar og vinnuáðstæðna áhafnarinnar.
7. „*Nákvæm skoðun*“: skoðun sem felst í því að skip, búnaður þess og áhöfn, í heild eða að hluta til, eftir því sem við á, við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 3. mgr. 6. gr., er skoðað nákvæmlega með tilliti til smíði skips, búnaðar, mönnunar, aðbúnaðar og vinnuskilyrða um borð ásamt því að kanna hvort þar sé beitt réttum starfsaðferðum.

8. „*Viðtæk skoðun*“: skoðun samkvæmt 7. gr.
9. „*Kyrrsetning*“: formlegt bann við því að skip haldi til hafs vegna sannanlegs vanbúnaðar sem einn og sér eða ásamt öðru gerir skipið óhaffært.
10. „*Stöðvun starfsemi*“: formlegt bann við því að skip haldi áfram starfsemi vegna sannanlegs vanbúnaðar sem einn og sér eða ásamt öðru gæti skapaði hættu ef starfsemi yrði haldið áfram.

3. gr. Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um sérhvert skip og áhöfn þess:
 - sem hefur viðkomu í höfn aðildarríkis eða stöð á hafi úti, eða
 - sem leggst við akkeri úti fyrir slíkri höfn eða stöð.

Ekkert í þessari grein skerðir rétt aðildarríkis til afskipta sem það hefur samkvæmt viðeigandi alþjóðasamningum.

2. Vegna skipa sem eru minni en 500 brúttótonn að stærð skulu aðildarríkin beita þeim reglum í viðeigandi samningum sem gilda um þessi skip og skulu, í því tilviki að samningur gildir ekki, grípa til ráðstafana sem nauðsynlegar þykja til að tryggja að viðkomandi skip stofni hvorki öryggi né heilsu manna eða umhverfinu í beina hættu. Við beitingu þessarar málsgreinar skulu aðildarríkin hafa að leiðarljósi 1. viðauka við Parísarsamkomulagið (MOU).
3. Við skoðun á skipi sem siglir undir fána ríkis sem er ekki aðili að samningi skulu aðildarríki tryggja að slíkt skip og áhöfn þess hljóti ekki hagstæðari meðferð en þá sem skip hlýtur sem siglir undir fána ríkis sem er aðili að þessum samningi.
4. Þessi tilskipunin gildir ekki um fiskiskip, herskip, hjálparskip í flota, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, ríkisskip nýtt til annarra þarfa en viðskipta og lystisnekkjur sem ekki eru nýttar til verslunarsiglinga.

4. gr. Skoðunaryfirvald

Í aðildarríkjunum skulu starfrækt viðeigandi siglingamályfirvöld innanlands, hér eftir nefnd „lögbær yfirvöld“, til skoðunar á skipum og skulu þau gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld þeirra ræki skyldur sínar samkvæmt þeim reglum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

5. gr. Skoðunarskyldur

1. Lögbært yfirvald í hverju aðildarríki skal árlega framkvæma skoðanir á skipum sem samanlagt eru að minnsta kosti 25 af hundraði þeirra skipa sem komu til hafnar hjá þeim á dæmigerðu almanaksári.

2. Við val á skipum til skoðunar skal lögbært yfirvald veita þeim skipum forgang sem um getur í I. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu láta hjá líða að skoða skip sem hafa verið skoðuð í einhverju öðru aðildarríki á næstliðnum sex mánuðum að því tilskildu að:

- skipið sé ekki tilgreint í I. viðauka, og
- það hafi ekki verið úrskurðað vanbúið eftir fyrri skoðun, og
- engin gild ástæða sé fyrir skoðun.

4. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda um það rekstrarefirlit sem sérstaklega er kveðið á um í samningunum.

5. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu vinna saman að því að ákveða forgangsröð og þróa aðferðir sem gera kleift að beina athyglinni frekar að þeim skipum sem líklegt er að séu vanbúin.

Síðari breytingar sem kunna að verða gerðar á þessari grein, að undanskildri tölunni 25 af hundraði í 1. mgr., skulu gerðar samkvæmt ákvæðum 19. gr.

6. gr.

Skoðunaraðferðir

1. Lögbært yfirvald skal tryggja að skoðunarmaður skuli að minnsta kosti:

- a) athuga, eftir því sem við á, skírteinin og skjölin sem talin eru upp í II. viðauka;
- b) ganga úr skugga um að heildarástand skips sé viðunandi, þar með talið ástand vélarrúms og vistarvera auk hreinlætisaðstöðu.

2. Skoðunarmaður má skoða öll önnur viðeigandi skírteini og skjöl sem krafist er að séu um borð í samræmi við samningana enda þótt þau séu ekki talin upp í II. viðauka.

3. Ef gild ástæða er til að ætla, eftir skoðunina sem um getur í 1. og 2. mgr., að ástand skips, búnaðar þess eða áhafnar sé ekki að verulegu leyti í samræmi við kröfurnar samkvæmt samningi skal framkvæma nákvæma skoðun sem felur í sér frekari athugun á því hvort farið sé að kröfum um starfsaðferðir um borð.

„Gild ástæða“ er til staðar ef skoðunarmaður finnur sannanir sem, samkvæmt faglegu mati hans, kallar á nákvæma skoðun á skipinu, búnaði þess eða áhöfn.

Í III. viðauka eru talin upp dæmi um „gildar ástæður“.

4. Einnig skal hlíta málsmeðferð og viðmiðunarreglum um eftirlit með skipum sem tilgreindar eru í IV. viðauka.

7. gr.

Víðtæk skoðun á tilteknum skipum

1. Ef gild ástæða er til nákvæmrar skoðunar á skipi í flokkunum sem taldir eru upp í V. viðauka skulu aðildarríkin tryggja að víðtæk skoðun fari fram.

2. Í B-hluta V. viðauka er að finna valfrjálssar viðmiðunarreglur um víðtæka skoðun.

3. Skipin sem um getur í 1. mgr. skulu aðeins sæta einni víðtækri skoðun einhverra lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á 12 mánaða tímabili. Þó má skylda þessi skip til að sæta skoðuninni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 6. gr.

4. Ef um er að ræða farþegaskip í reglulegum áætlunarsiglingum til og frá höfn í aðildarríki skal víðtæk skoðun framkvæmd á hverju skipi af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis. Þegar farþegaskip er í slíkum áætlunarsiglingum milli hafna í aðildarríkjum skal eitt ríkjanna sem skipið hefur viðkomu í framkvæma víðtæku skoðunina.

8. gr.

Skýrsla um skoðun til skipstjóra

1. Að aflokinni skoðun, nákvæmri eða víðtækri skoðun skal skoðunarmaður afhenda skipstjóra skjal í því formi sem tilgreint er í 3. viðauka við Parísarsamkomulagið (MOU) þar sem fram koma niðurstöður skoðunarinnar og ákvarðanir teknar af skoðunarmanni sem og þær aðgerðir til úrbóta sem skipstjóra, eigenda eða útgerð ber að grípa til.

2. Ef um er að ræða vanbúnað sem gefur tilefni til þess að skip sé kyrrsett skulu koma fram í skjalinu, sem skipstjóra er afhent samkvæmt 1. mgr., upplýsingar um væntanlega birtingu kyrrsetningarkröfunnar í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

9. gr.

Úrbætur og kyrrsetning

1. Lögbært yfirvald skal vera þess fullvisst að verið sé að bæta úr eða bætt verði úr, samkvæmt samningunum, vanbúnaði sem staðfestur er eða kemur í ljós við skoðun sem um getur í 6. og 7. gr.

2. Ef um er að ræða vanbúnað sem sannanlega stofnar öryggi og heilsu manna eða umhverfinu í hættu skulu lögbær yfirvöld hafnarríkis þar sem skipið er skoðað tryggja að skipið sé kyrrsett eða þeirri starfsemi, sem var verið að inna að hendi þegar vanbúnaðurinn uppgötvaðist, hætt. Hvorki skal látið af kyrrsetningarkröfunni né kröfunni um stöðvun starfsemi aflétt fyrir en hættan er liðin hjá eða fyrir en yfirvaldið gengur úr skugga um að skipið geti, að teknu tilliti til nauðsynlegra skilyrða sem kunna að verða sett, haldið til hafs á ný eða unnt sé að halda áfram starfseminni þar án þess að öryggi og heilsu farþega eða áhafnar eða annarra skipa sé stefnt í hættu eða án þess að lífríki sjávar sé búin ótillhlýðileg ógn.

3. Þegar skoðunarmaður leggur faglegan dóm á það hvort skip skuli kyrrsett eða ekki skal hann hafa til hliðsjónar viðmiðunarreglurnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.

4. Í undantekningartilvikum, ef almennt ástand skips er greinilega ekki sem skyldi, getur lögbært yfirvald frestað skoðun á því þar til ábyrgir aðilar hafa gripið til ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að tryggja að skipið uppfylli viðeigandi skilyrði samninganna.

5. Nú réttlæta skoðanirnar sem um getur í 6. og 7. gr. að skip sé kyrrsett og skal þá lögbæra yfirvaldið þegar tilkynna skriflega til yfirvalds í því ríki sem veitir skipinu rétt til að sigla undir sínum fána (hér eftir nefnt „fánayfirvald“) eða til ræðismanns, eða í fjarveru hans, til næsta fulltrúa utanríkisþjónustu ríkisins, um þær ástæður sem urðu þess valdandi að íhlutun var talin nauðsynleg. Að auki skal, þegar það á við, tilkynna um tilnefnda skoðunarmenn eða viðurkenndar stofnanir sem bera ábyrgð á að gefa út skírteini fyrir skip.

6. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um viðbótarkröfur samninganna sem lúta að málsmeðferð við tilkynningar og skýrslugerð í tengslum við hafnarríkiseftirlit.

7. Við hafnarríkiseftirlit samkvæmt þessari tilskipun skal gera allt sem hægt er til að forðast að skip sé kyrrsett eða tafið á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er kyrrsett eða tafið á ótilhlýðilegan hátt á eigandi þess eða útgerð rétt á bótum fyrir tap eða tjón sem hann hefur orðið fyrir. Í hvert skipti sem ótilhlýðileg kyrrsetning eða töf á sér stað skal sönnunarbyrði þess efnis hvíla á herðum eiganda eða útgerð skipsins.

10. gr.

Áfrýjunarréttur

1. Eigandi skips, útgerð þess eða fulltrúi hennar í aðildarríki hefur rétt til að áfrýja ákvörðun um kyrrsetningu tekinni af lögbæra yfirvaldinu. Áfrýjun ógildir ekki kyrrsetningarákvörðun.

2. Aðildarríkin skulu koma upp og viðhalda viðeigandi málsmeðferð í þessu skyni í samræmi við landslög þeirra.

3. Lögbær yfirvöld skulu með viðeigandi hætti veita skipstjóra skips sem um getur í 1. mgr. upplýsingar um áfrýjunarréttinn.

11. gr.

Framhaldsmeðferð eftir skoðun og kyrrsetningu

1. Ef ekki er hægt að bæta úr vanbúnaði, samkvæmt 2. mgr. 9. gr., í skoðunarhöfn getur lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu heimilað viðkomandi skipi að halda til næstu skipaviðgerðarstöðvar samkvæmt ákvörðun skipstjóra og hlutaðeigandi yfirvalda, að því tilskildu að farið sé að þeim skilyrðum sem lögbært yfirvald fánaríkis setur og aðildarríkið samþykkir. Slík skilyrði skulu tryggja að skipið geti haldið áfram ferð sinni án þess að öryggi og heilsu farþega eða áhafnar sé stefnt í hættu, öðrum skipum sé hætta búin eða lífríki sjávar ógnað með óskynsamlegum hætti.

2. Við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin í aðildarríkinu þar sem skoðunarhöfnin er tilkynna lögbæru yfirvaldi í ríkinu þar sem skipaviðgerðarstöðin er, aðilunum sem um getur í 5. mgr. 9. gr. og öðrum yfirvöldum, eftir því sem við á, um öll skilyrði sem sett eru fyrir sjóferðinni.

3. Tilkynning til aðilanna sem um getur í 2. mgr. skal vera í samræmi við 2. viðauka við Parísarsamkomulagið (MOU).

Lögbært yfirvald í aðildarríkinu sem tekur við slíkri tilkynningu skal upplýsa þau yfirvöld sem að tilkynningum standa um aðgerðir sem gripið er til.

4. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að skip samkvæmt 1. mgr.:

- i) sem halda til hafs án þess að uppfylla skilyrðin sem sett eru af lögbærum yfirvöldum aðildarríkis í skoðunarhöfninni, eða
- ii) sem halda til hafs og neita að uppfylla skilyrði sem eru í gildi samkvæmt samningunum með því að halda ekki til tilnefndrar skipaviðgerðarstöðvar,

skuli meinaður aðgangur að öllum höfnum í bandalaginu þar til eigandi eða útgerð hefur lagt fram fullnægjandi sannanir hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem skipið var dæmt vanbúið þess efnis að skipið uppfylli með öllu gildandi kröfur samninganna.

5. Við aðstæður sem um getur í i-lið 4. mgr. skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem skipið var dæmt vanhæft þegar gera lögbærum yfirvöldum allra hinna aðildarríkjanna aðvart um það.

Við aðstæður sem um getur í ii-lið 4. mgr. skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem skipaviðgerðarstöðina er að finna þegar gera lögbærum yfirvöldum allra hinna aðildarríkjanna viðvart um það.

Áður en aðildarríki meinar skipi aðgang að höfn getur aðildarríkið ráðfært sig við fánayfirvald skipsins sem í hlut á.

6. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur viðeigandi yfirvald hafnarríkis heimilað skipum aðgang að tiltekinni höfn ef um er að ræða óviðráðanlegar aðstæður eða öryggissjónarmið sem vega þyngra eða nauðsynlegt reynist að draga úr mengun eða lágmarka hættu á mengun eða ef nauðsynlegt reynist að bæta úr vanbúnaði að því tilskildu að eigandi, útgerð eða skipstjóri skipsins hafi gert fullnægjandi ráðstafanir, sem lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki sætta sig við, til að tryggja örugga komu í höfn.

12. gr.**Fagleg hæfni skoðunarmanna**

1. Skoðun skal eingöngu framkvæmd af skoðunarmönnum sem uppfylla hæfniskröfurnar sem tilgreindar eru í VII. viðauka.
2. Ef lögbært yfirvald hafnarríkis getur ekki kallað til faglega sérfræðinga má skoðunarmaður þessa lögbæra yfirvalds fá aðstoð frá manni með tilskilda sérfræðipækningu.
3. Skoðunarmennirnir sem framkvæma hafnarríkiseftirlit og einstaklingarnir sem aðstoða þá mega hvorki hafa viðskiptahagsmuna að gæta í skoðunarhöfn né í þeim skipum sem skoðuð eru og skoðunarmenn skulu ekki heldur vera ráðnir hjá eða taka að sér vinnu fyrir hönd óopinberra stofnanna sem gefa út opinber skírteini og flokkunarskírteini eða framkvæma það eftirlit sem krafist er til útgáfu þessara skírteina handa skipum.
4. Hver skoðunarmaður skal bera á sér persónulegt skjal í formi kennivottorðs sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í samræmi við innlenda löggjöf sem sýnir að skoðunarmaðurinn hefur leyfi til að framkvæma skoðanir.

Sameiginleg fyrirmynd að slíku kennivottorði skal útbúin í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.

13. gr.**Skýrslur frá hafnsögumönnum og hafnaryfirvöldum**

1. Hafnsögumenn í aðildarríkjunum sem starfa við að leggja skipum að bryggju og sigla þeim úr höfn eða starfa um borð í skipum sem eru á siglingu til hafnar í aðildarríki skulu þegar tilkynna lögbæru yfirvaldi hafnarríkis eða strandríkis, eftir því sem við á, ef þeir komast að því við dagleg skyldustörf sín að um er að ræða vanbúnað sem gæti skert öryggi skipsins á siglingu eða skaðað lífríki sjávar.
2. Ef hafnaryfirvöld komast að því við dagleg skyldustörf sín að skip í höfn þeirra er vanbúið með þeim hætti að það gæti ógnað öryggi skipsins eða stefnt lífríki sjávar í ótilhlýðilega hættu skulu þessi hafnaryfirvöld þegar tilkynna það til lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi hafnarríkisins.

14. gr.**Samstarf**

1. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir um samstarf milli lögbærra yfirvalda sinna, hafnaryfirvalda og annarra hlutaðeigandi yfirvalda eða stofnana sem starfa í viðskiptalegum tilgangi til að tryggja að lögbæra yfirvaldið geti aflað allra upplýsinga sem máli skipta um skip sem koma til hafnar hjá þeim.
2. Aðildarríkin skulu kveða á um upplýsingaskipti og samstarf milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda allra annarra aðildarríkja og viðhalda áunnum tengslum milli lögbærra yfirvalda þeirra, framkvæmdastjórnarinnar og upplýsingakerfisins SIRENAC E sem komið var upp í St. Malo í Frakklandi.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu vera þær sem tilgreindar eru í 4. viðauka við Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit (MOU) og krafist er til að uppfylla skilyrði 15. gr. þessarar tilskipunar.

15. gr.**Birting upplýsinga um kyrrsetningu**

Hvert lögbært yfirvald um sig skal birta minnst ársfjórðungslega upplýsingar um skip sem hafa verið kyrrsett á næstliðnum þremur mánuðum og hvaða skip hafa verið kyrrsett oftar en einu sinni á næstliðnum 24 mánuðum.

Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar:

- nafn skips,
- nafn eiganda skips eða útgerðar þess,
- IMO-númer,
- fánaríki,
- flokkunarfélag, þegar það skiptir máli og við á, hver sá aðili sem í samræmi við samningana hefur gefið út skírteini til handa skipinu fyrir hönd fánaríkis,
- ástæða kyrrsetningar,
- höfn og kyrrsetningardagur.

16. gr.**Endurgreiðsla kostnaðar**

1. Ef skoðanirnar sem um getur í 6. og 7. gr. staðfesta eða leiða í ljós vanbúnað í tengslum við kröfur samnings og réttlætir þannig kyrrsetningu skips skal allur kostnaður í tengslum við skoðanirnar á venjulegum bókhaldstíma falla á eiganda skipsins, útgerð þess eða fulltrúa hans í hafnarríkinu.
2. Eigandi eða útgerð skips skal krafinn um greiðslu alls kostnaðar í tengslum við skoðanir sem framkvæmdar eru af lögbærum yfirvöldum aðildarríkis samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 11. gr.
3. Kyrrsetningu skal ekki aflétt fyrr en full greiðsla hefur borist eða fullnægjandi tryggingar verið settar fyrir endurgreiðslu kostnaðar.

17. gr.**Gögn til að fylgjast með framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu leggja fram eftirtaldar upplýsingar til handa framkvæmdastjórninni og aðalskrifstofu Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (MOU):

- fjöldi skoðunarmanna sem starfa fyrir þeirra hönd við hafnarríkisefirlit í samræmi við þessa tilskipun. Að því er varðar yfirvöld sem hafa á sínum snærum skoðunarmenn sem framkvæma hafnarríkisefirlit aðeins í hlutastarfi skal heildarfjöldi breytt í fjölda ráðinna skoðunarmanna í fullu starfi,
 - fjöldi skipa sem koma til hafna þeirra á dæmigerðu almanaksári á næstliðnum fimm árum.
2. Upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. mgr. skulu framsendar innan þriggja mánaða frá því að þessi tilskipun öðlast gildi og eftir það fyrir 1. október þriðja hvert almanaksár.

18. gr.**Stjórnsýslunefnd**

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er samkvæmt 12. gr. tilskipunar 93/75/EBE í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þeirri grein.

19. gr.**Málsmeðferð vegna breytinga**

Þessari tilskipun má breyta í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., í því skyni að:

- a) aðlaga þær skoðunar- og birtingarskyldur aðildarríkjanna sem um getur í 5. gr. (þó ekki töluna 25 af hundraði sem um getur í 1. mgr.) og í 6., 7. og 15. gr. á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þessarar tilskipunar og að teknu tilliti til þess hvernig Parísarsamkomulagið um hafnarríkisefirlit (MOU) hefur þróast;
- b) aðlaga viðaukana í því skyni að taka mið af breytingum, sem tekið hafa gildi, á samningunum, bókunum, reglum og ályktunum viðkomandi alþjóðastofnana og á Parísarsam-komulaginu um hafnarríkisefirlit (MOU).

20. gr.**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til framkvæmdar tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

21. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá birtingu hennar.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 19. júní 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

B. PONS

forseti.

I. VIÐAUKI

VAL Á SKIPUM TIL FORGANGSSKOÐUNAR

(sem um getur í 2. mgr. 5. gr.)(*)

1. Skip sem koma til hafnar í aðildarríki í fyrsta sinn eða eftir tólf mánaða fjarveru eða lengri. Aðildarríkjunum ber og taka mið af þeim skoðunum sem aðildarríki að Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU) hafa framkvæmt þegar þessum viðmiðunum er beitt. Séu viðeigandi gögn hér að lútandi ekki fyrir hendi ber aðildarríkjunum að styðjast við fánleg gögn SIRENAC E-upplýsingakerfisins og skoða þau skip sem hafa ekki verið skráð samkvæmt því kerfi eftir gildistöku þess 1. janúar 1993.
2. Skip sem sigla undir fána ríkis sem er skráð í þriggja ára hlaupandi yfirliti um kyrrsetningu og tafir yfir meðaltali sem er birt í ársskýrslu um Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit (MOU).
3. Skip sem hafa fengið að láta úr höfn aðildarríkis með því skilyrði að ráðin verði bót á vanbúnaði sem gerð var athugasemd við innan tiltekins frests, þegar fresturinn er útrunninn.
4. Skip sem hafnsögumenn eða hafnaryfirvöld hafa lýst vanbúin þannig að siglingaöryggi sé stefnt í voða (samkvæmt tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 og 13. gr. þessarar tilskipunar).
5. Skip með lögboðin skírteini um smíði og búnað, útgefin samkvæmt samningunum, og flokkunarskírteini gefin út af stofnunum sem eru ekki viðurkenndar samkvæmt skilmálum tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir, en þær sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda⁽¹⁾.
6. Skip sem uppfylla ekki skyldur sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 93/75/EBE.
7. Skip í flokki sem krafist er víðtæktrar skoðunar á (samkvæmt 7. gr. þessarar tilskipunar).
8. Skip sem af öryggisástæðum hafa verið strikuð út úr viðkomandi öryggisflokki næstu sex mánuði á undan.

(*) Ekki er um forgangsröð viðmiðana að ræða.

(¹) Stjtið. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 20.

II. VIÐAUKI

SKRÁ UM SKÍRTEINI OG SKJÖL

(sem um getur í 1. mgr. 6. gr.)

1. Alþjóðlega mælibréfið (1969)
2. - Öryggisskírteini farþegaskips
 - Öryggisskírteini um smíði vöruflutningaskips
 - Skírteini fyrir öryggisbúnað vöruflutningaskips
 - Öryggisskírteini fyrir loftskýstastöðvar vöruflutningaskips
 - Öryggisskírteini fyrir talstöðvar vöruflutningaskips
 - Öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað vöruflutningaskips
 - Undanþáguskírteini
 - Öryggisskírteini vöruflutningaskips
3. Alþjóðahæfnisskírteini fyrir flutning fljótandi lofttegunda í lausu
 - hæfnisskírteini fyrir flutning fljótandi lofttegunda í lausu
4. Alþjóðahæfnisskírteini fyrir flutning hættulegra efna í lausu
 - Hæfnisskírteini fyrir flutning hættulegra efna í lausu
5. Alþjóðlega olíumengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið)
6. Alþjóðlega mengunarvarnarskírteinið fyrir flutning fljótandi eitrefna í lausu
7. Alþjóðlega hleðslumerkjaskírteinið (1966)
 - Alþjóðlega hleðslumerkja-undanþáguskírteinið
8. Olíudagbók, I. og II. hluti
9. Farmbók
10. Lágmarksöryggismönnunarskírteini
 - Atvinnuréttindaskírteini
11. Læknisvottorð (sbr. ILO-samning nr. 73 um læknisskoðun sjómanna)
12. Gögn um stöðugleika
13. Afrit af samræmisvottorði og skírteini sem gefið er út í samræmi við alþjóðareglur um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ályktun IMO A.741 (18))
14. Skírteini fyrir styrkleika skipsbols og vélbúnaðar gefin út af viðkomandi flokkunarfélagi (aðeins krafist ef skip heldur flokkun sinni hjá flokkunarfélagi).

III. VIÐAUKI

DÆMI UM „GILDAR ÁSTÆÐUR“ TIL NÁKVÆMRAR SKOÐUNAR

(sem um getur í 3. mgr. 6. gr.)

1. Skip sem um getur í I. viðauka, að undanskildum 1. lið.
2. Skýrsla eða tilkynning hefur borist frá öðru aðildarríki.
3. Skýrsla eða kvörtun frá skipstjóra, skipverja eða einstaklingi eða stofnun sem á réttmætra hagsmuna að gæta varðandi örugga starfsemi skips, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð eða mengunarvarnir, nema viðkomandi aðildarríki telji slíka skýrslu eða kvörtun ekki á rökum reista; óheimilt er að veita skipstjóra eða eiganda viðkomandi skips vitneskju um nafn þess sem leggur fram skýrslu eða kvörtun.
4. Viðkomandi skip hefur lent í árekstri á leið sinni til hafnar.
5. Olíudagbók hefur ekki verið færð sem skyldi.
6. Kæra hefur borist um meint brot skips á ákvæðum um losun skaðvænlegra efna.
7. Villur hafa verið uppgötvaðar við skoðun skírteina og annarra skjala (sbr. a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 6. gr.).
8. Komið hafa fram vísbendingar um að skipverjar séu ófærir um að fullnægja kröfum 8. gr. tilskipunar 94/58/EB frá 22. nóvember 1994 um lágmarksþjálfun sjómanna⁽¹⁾.
9. Merki eru um að meðhöndlun farms og aðrar aðgerðir séu ekki framkvæmdar með öruggum hætti eða í samræmi við viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, t.d. að súrefnismagn í eðalgaslögnum til farmgeyma sé yfir því hámarki sem mælt er fyrir um.
10. Skipstjóri olíuflutningaskips leggur ekki fram skrá um vöktunar- og eftirlitskerfis fyrir losun á olíu úr síðustu ferð skipsins með kjölfestu.
11. Uppfærður skráningarlisti er ekki fyrir hendi eða skipverjum er ókunnugt um skyldur sínar ef eldur kemur upp eða ef skipun er gefin um að yfirgefa skipið.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 28.

IV. VIÐAUKI

STARFSREGLUR VIÐ EFTIRLIT MEÐ SKIPUM

(sem um getur í 4. mgr. 6. gr.)

1. Starfsreglur við eftirlit með skipum (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.466 (XII)), með áorðnum breytingum.
2. Meginreglur um lágmarksöryggismönnun (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.481 (XII) ásamt viðaukum sem bera yfirskriftina: „Innihald lágmarksöryggismönnunarskírteinis“ (1. viðauki) og „Hvernig beita á meginreglum um lágmarksmönnun“ (2. viðauki)).
3. Starfsreglur við eftirlit með skipum og losun frá þeim samkvæmt I. viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78), (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.542 (13)).
4. Starfsreglur við eftirlit með skipum og losun frá þeim samkvæmt II. viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78), (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MEPC 26 (23)).
5. Starfsreglur við eftirlit með starfsaðferðum sem varða öryggi skipa og mengunarvarnir (ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.742 (18)).
6. Ákvæði alþjóðareglna um flutning á hættulegum varningi (International Maritime Dangerous Goods Code).
7. Rit Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) „Inspection of Labour Conditions on Board Ship: Guidelines for Procedure“ (Leiðbeiningar um starfsreglur við skoðun á vinnuaðstöðu um borð í skipum).
8. I. viðauki við Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit (MOU), viðmiðunarreglur fyrir eftirlitsmenn.

V. VIÐAUKI

A. FLOKKAR SKIPA SEM ERU HÁÐ VÍÐTÆKRI SKOÐUN

(sem um getur í 1. mgr. 7. gr.)

1. Olúflutningaskip sem taka á úr notkun á næstu fimm árum samkvæmt alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 ásamt bókuninni frá 1978 (MARPOL 73/78), I. viðauki, reglugerð 13G, þ.e.
 - hráolúflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu eða yfir eða olúflutningaskip fyrir unnar olúvörur með 30 000 tonna burðargetu eða yfir sem ekki uppfylla kröfur sem gerðar eru til nýrra olúflutningaskipa, eins og fram kemur í 26. tl. 1. reglu í I. viðauka við MARPOL 73/78, eru háð víðtækri skoðun 20 árum eftir afhendingu, eins og fram kemur á eyðublaði B í viðbæti við alþjóðlega olúmengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), eða 25 árum eftir afhendingu ef hliðargeymar skipsins eða rými í tvöföldum botni, sem eru ekki notuð til olúflutninga, uppfylla kröfur 4. tl. reglu 13G í þeim viðauka, nema endurbætur hafi verið gerðar á skipinu til að uppfylla kröfur reglu 13F í sama viðauka,
 - olúflutningaskip, samanber hér að framan, sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til nýrra olúflutningaskipa, eins og fram kemur í 26. tl. 1. reglu í I. viðauka við MARPOL 73/78 er háð víðtækri skoðun 25 árum eftir afhendingu, eins og fram kemur á eyðublaði B í viðbæti við alþjóðlega olúmengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), nema skipið uppfylli kröfur reglu 13F í sama viðauka eða endurbætur hafi verið gerðar á því til að svo mætti verða.
2. Búlkaskip, eldri en 12 ára; aldur miðast við smíðaár sem tilgreint er í öryggisskírteinum skipsins.
3. Farþegaskip.
4. Gas- og efnaflutningaskip, eldri en 10 ára; aldur miðast við smíðaár sem tilgreint er í öryggisskírteinum skipsins.

B. VALFRJÁLSAR VIÐMIÐUNARREGLUR UM VÍÐTÆKA SKOÐUN TILTEKINNA SKIPAFLOKKA

(sem um getur í 2. mgr. 7. gr.)

Víðtæk skoðun getur náð til eftirfarandi atriða að svo miklu leyti sem það á við. Skoðunarmenn verða að gera sér grein fyrir að það kann að stefna öryggi við framkvæmd ákveðinna aðgerða um borð í voða, t.d. meðhöndlun farms, ef gerð er krafa um að prófanir sem hafa bein áhrif á slíkar aðgerðir fari fram á sama tíma og þær eru í gangi.

1. ALMENNUR FLOKKUR SKIPA (flokkar í A-hluta)
 - Straumrof og gangsetning neyðarrafala.
 - Skoðun neyðarlýsingar.
 - Virkni neyðarslökkvidælu með tveimur brunaslöngum tengdum aðalbrunalögn.
 - Virkni austursdælu.
 - Lokun vatnspéttra hurða.
 - Sjósetning eins björgunarbáts sem veit að sjó.

- Prófun fjarstýrðrar neyðarstöðvunar, t.d. fyrir katla, loftræstingu og eldsneytisdælur.
- Prófun stýrisbúnaðar, þar á meðal varastýrisbúnaðar.
- Skoðun neyðaraflgjafa fyrir fjarskiptabúnað.
- Skoðun og, eftir því sem við verður komið, prófun skilju í vélarrúmi.

2. OLÍUFLUTNINGASKIP

Auk þeirra atriða sem talin eru upp í 1. hluta má einnig líta á eftirfarandi atriði sem lið í víðtækri skoðun olíuflutningaskipa:

- Fastur kvoðuslökkvibúnaður á þilfari.
- Almennur slökkvibúnaður.
- Skoðun brunaspjalda fyrir vélarrúm, dælurými og vistarverur.
- Athugun þrýstings á eðalgasi og súrefnisinnihaldi þess.
- Athugun á skoðunarskýrslum (sbr. ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.744 (18)) í leit að atriðum sem hugsanlega þarfnast skoðunar.

3. BÚLKASKIP

Auk þeirra atriða sem talin eru upp í 1. hluta má einnig líta á eftirfarandi atriði sem lið í víðtækri skoðun búlkaskipa:

- Hugsanleg tæring í undirstöðum vélbúnaðar á þilfari.
- Hugsanleg aflögun og/eða tæring lestarlúga.
- Hugsanlegar sprungur eða staðbundin tæring í þverskilrúmum.
- Aðgengi að lestum.
- Athugun skoðunarskýrslu (sbr. ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.744 (18)) í leit að atriðum sem hugsanlega þarfnast skoðunar.

4. GAS- OG EFNAFLUTNINGASKIP

Auk þeirra atriða sem talin eru upp í 1. hluta má einnig líta á eftirfarandi atriði sem lið í víðtækri skoðun gas- og efnaflutningaskipa:

- Öryggisvöktunarbúnaður farmgeyma að því er varðar hitastig, þrýsting og úllas (úllas = mismunur milli heildarlengdar dýpilsrörs geymis og dýpilshæðar vökva í sama geymi).
- Tæki til að mæla súrefni og sprengihættu, meðal annars kvörðun þeirra. Könnun á hvort efnaskynjarar (sogdælur) séu tiltækir með hæfilega mörgum hentugum túpum til að skynja lofttegundir með tilliti til þess farms sem verið er að flytja.
- Káetuflóttabúnaður með hæfilegri öndunar- og augnvörn fyrir alla um borð (ef þess er krafist fyrir vörur sem taldar eru upp í alþjóðahæfnisskírteini eða hæfnisskírteini fyrir flutning hættulegra efna í lausu eða fljótandi lofttegunda í lausu, eftir því sem við á).

- Athugun á hvort sú vara sem verið er að flytja sé talin upp í alþjóðahæfnisskírteini eða hæfnisskírteini fyrir flutning hættulegra efna í lausu eða fljótandi lofttegunda í lausu, eftir því sem við á.
- Fastur slökkvibúnaður á þilfari, hvort sem hann inniheldur kvoðu, þurr kemísk efni eða annað sem nauðsynlegt er vegna þeirrar vöru sem verið er að flytja.

5. FARÞEGASKIP

Auk þeirra atriða sem talin eru upp í 1. hluta má einnig líta á eftirfarandi atriði sem lið í viðtækri skoðun farþegaskipa:

- Prófun eldskynjara- og viðvörunarkerfa.
- Athugun á hvort eldvarnarhurðir lokast á réttan hátt.
- Prófun tilkynningakerfa.
- Brunaæfing þar sem sú lágmarkskrafa er gerð að notkun allra slökkvibúninga sé sýnd og hluti starfsmanna í veitingaþjónustu taki þátt í henni.
- Sýnt sé fram á að lykilmenn í áhöfn þekki áætlun um aðgerðir ef skip verður fyrir skaða.

Heimilt er að halda skoðun áfram, sé það talið viðeigandi, meðan skipið er í förum til og frá höfn í viðkomandi aðildarríki með samþykki skipstjóra eða útgerðar. Skoðunarmönnum er hvorki heimilt að trufla starfsemi skipsins né skapa aðstæður sem að áliti skipstjóra geta stefnt öryggi farþega, áhafnar eða skips í hættu.

VI. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR UM KYRRSETNINGU SKIPA

(sem um getur í 3. mgr. 9. gr.)

Inngangur

Áður en ákvarðað er hvort vanbúnaður sem kemur í ljós við skoðun réttlætir kyrrsetningu viðkomandi skips þarf skoðunarmaður að beita viðmiðunarreglunum sem tilgreindar eru í 1. og 2. hluta hér á eftir.

Í 3. hluta er að finna dæmi um vanbúnað sem getur einn og sér kallað á kyrrsetningu viðkomandi skips (sjá 3. mgr. 9. gr.).

1. Helstu viðmiðunarreglur

Þegar skoðunarmaðurinn ákveður með faglegum hætti hvort skip skuli kyrrsett eða ekki skal hann beita eftirfarandi viðmiðunarreglum:

Tímasetning:

Ef óvarlegt er talið að sigla skipi á haf út skal kyrrsetja það við fyrstu skoðun burtséð frá því hve lengi skipið dvelur í höfn.

Viðmiðunarregla:

Skip er kyrrsett ef það er svo vanbúið að skoðunarmaður verði að koma aftur um borð í það til að fullvissa sig um að ráðin hafi verið bót á vanbúnaðinum áður en skipið heldur til hafs.

Nauðsyn þess að skoðunarmaðurinn komi aftur um borð í skipið er mælikvarði á það hversu alvarlegur vanbúnaðurinn er. Ekki er þó skylda að fara í slíka heimsókn í hverju tilviki. Slíkt felur í sér að yfirvöld verði að staðfesta á einn eða annan hátt, öðru fremur með frekari heimsóknum, að bætt hafi verið úr vanbúnaðinum fyrir brottför.

2. Beiting helstu viðmiðunarreglna

Þegar tekin er ákvörðun um það hvort vanbúnaður skips sé svo alvarlegur að það réttlæti kyrrsetningu skal skoðunarmaður meta hvort:

1. viðeigandi gild skjöl um borð í skipinu;
2. skipið er mannað í samræmi við lágmarksöryggismönnunarskírteinið.

Meðan á skoðun stendur skal skoðunarmaður að auki meta hvort skip og/eða áhöfn þess sé fær um að:

3. sigla með öruggum hætti alla næstu sjóferð;
4. meðhöndla, flytja og vakta á öruggan hátt ástand farms alla næstu sjóferð;
5. hafa örugga stjórn með höndum í vélarrúmi alla næstu sjóferð;
6. knýja skipið áfram og stýra með öruggum hætti alla næstu sjóferð;
7. berjast með skilvirkum hætti gegn eldi í sérhverjum hluta skipsins ef nauðsyn krefur alla næstu sjóferð;
8. yfirgefa skipið hratt og örugglega og inna af hendi björgunarstörf ef nauðsyn krefur alla næstu sjóferð;
9. koma í veg fyrir umhverfismengun alla næstu sjóferð;
10. viðhalda nægilegum stöðugleika alla næstu sjóferð;
11. viðhalda nægilegum vatnsþéttleika alla næstu sjóferð;
12. annast fjarskipti á neyðarstundu, ef nauðsyn krefur, alla næstu sjóferð;
13. tryggja öruggar og heilnæmar aðstæður um borð alla næstu sjóferð.

Ef svarið við einhverri af þessum spurningum er neikvætt, að teknu tilliti til alls vanbúnaðar sem hefur komið í ljós, skal fhuga alvarlega að kyrrsetja skipið. Margs konar annar en minniháttar vanbúnaður getur einnig réttlætt kyrrsetningu skips.

3. Til hjálpar skoðunarmanni við notkun þessara viðmiðunarreglna fylgir skrá yfir vanbúnað, flokkaður undir viðkomandi samninga og/eða reglur, sem telst svo alvarlegs eðlis að hann kann að réttlæta kyrrsetningu skipsins sem í hlut á. Þessi skrá er ekki tæmandi.

3.1. Almenn

Skortur á gildum skírteinum sem krafist er samkvæmt viðeigandi samningum. Skip sem sigla undir fána ríkja sem eru ekki aðilar að viðeigandi samningi eða hafa ekki hrint í framkvæmd öðrum viðeigandi samningum hafa þó ekki rétt til að hafa skírteinin sem kveðið er á um í samningnum eða öðrum viðeigandi samningum. Skortur á skyldubundnum skírteinum er þó ekki einn sér nægileg ástæða fyrir kyrrsetningu þessara skipa. Við beitingu ákvæðisins sem kveður á um „óhagstæðari meðferð“ er þess þó krafist að skipið uppfylli verulegan hluta skilyrðanna áður en það lætur í haf.

3.2. Atriði samkvæmt SOLAS-samningnum (tilvísanir eru gefnar í svigum)

1. Bilun í aðalvélbúnaði og öðrum nauðsynlegum vélbúnaði og rafbúnaði.
2. Hreinlæti í vélarrúmi er ábótavant, of mikið magn olíublandaðs vatns í austri, einangrun röra, þar með talin útblástursrör í vélarrúmi, menguð olíu, ófullnægjandi starfsemi austurbúnaðar.
3. Bilun í neyðarrafala, -ljósum, -rafhlöðum og -rofum.
4. Bilun í aðal- og varastýrisbúnaði.
5. Einstaklingsbjörgunartæki, björgunarför og losunarbúnaður ekki fyrir hendi, fjöldi ekki nægur eða búnaðurinn bilaður.
6. Eldskynjunarkerfi, brunaviðvörðunarkerfi, slökkvibúnaður, föst slökkvikerfi, loftræstilokar, brunaspjöld og snarlokar ekki fyrir hendi, fjöldi ekki nægur eða búnaður bilaður þannig að hann er óhæfur til þeirra nota sem honum er ætlað.
7. Slökkvibúnaður á þilfari olíuflutningaskipa ekki fyrir hendi, í niðurníðslu eða starfar ekki sem skyldi.
8. Ljós, dagmerki eða hljóðmerkjagjafar eru ekki fyrir hendi, eru ekki í samræmi við reglur eða í niðurníðslu.
9. Fjarskiptabúnaður fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti ekki fyrir hendi eða starfar ekki sem skyldi.
10. Siglingatæki ekki fyrir hendi eða starfa ekki sem skyldi, að teknu tilliti til ákvæða SOLAS-reglugerðar nr. V/12(o).
11. Leiðrétt sjókort og/eða öll viðeigandi sjóferðagögn sem eru nauðsynleg til fyrirhugaðrar sjóferðar eru ekki fyrir hendi, að teknu tilliti til þess að nota má rafræn kort í stað sjó korta.
12. Neistalaus loftræstibúnaður fyrir farmdælurými ekki fyrir hendi (SOLAS-regla nr. II-2/59.3.1).

3.3. Atriði samkvæmt IBC-reglunum (tilvísanir eru gefnar í svigum)

1. Flutningur efna sem ekki eru tilgreind í hæfnisskírteini eða upplýsingum um farm ábótavant (16.2).
2. Háþrýstiöryggistæki ekki fyrir hendi eða þau skemmd (8.2.3).
3. Rafbúnaður er ekki öruggur eða uppfyllir ekki viðeigandi kröfur reglnanna (10.2.3).
4. Íkveikjuhætta á hættulegum stöðum sem um getur í 10.2 (11.3.15).
5. Brotið í bága við sérstakar kröfur (15).
6. Farið yfir hámarksörk geymis hvað varðar eiginleika farms (16.1).
7. Ónógar hitavarnir fyrir viðkvæmar vörur (16.6).

3.4. Atriði samkvæmt IGC-reglunum (tilvísanir eru gefnar í svigum)

1. Flutningur efna sem ekki er getið í hæfnisskírteini eða upplýsingar um farm ábótavant (18.1).
2. Lokunarbúnaður fyrir vistarverur eða þjónusturými ekki fyrir hendi (3.2.6).

3. Þil ekki gasþétt (3.3.2).
4. Loftlokar bilaðir (3.6).
5. Snarlokar ekki fyrir hendi eða bilaðir (5.6).
6. Öryggislokar ekki fyrir hendi eða bilaðir (8.2).
7. Rafbúnaður er ekki öruggur eða uppfyllir ekki kröfur reglnanna (10.2.4).
8. Loftræstibúnaður í farmrymum ekki starfhæfur (12.1).
9. Þrýstiviðvörunarkerfi fyrir farmgeyma ekki starfhæft (13.4.1).
10. Gasgreiningarbúnaður og/eða eiturgasgreiningarbúnaður bilaður (13.6).
11. Flutningur efna með lata án gilda lataskírteina (17/19).

3.5. Atriði samkvæmt samningnum um hleðslumerki skipa

1. Mikilvæg svæði skemmd, tærð eða með pittatæringu í plötum og styrkingum þeirra í þilfari og bol sem hefur áhrif á haffæri eða styrkleika til að þola staðbundið álag nema því aðeins að framkvæmd hafi verið fullnægjandi bráðabirgðaviðgerð fyrir sjóferð til hafnar þar sem varanleg viðgerð getur farið fram.
2. Staðfesting á ónógum stöðugleika.
3. Skortur á fullnægjandi og áreiðanlegum upplýsingum í viðurkenndu formi sem gera skipstjóra með einföldum hætti kleift að skipuleggja lestun farms og kjölfestu í skipið þannig að stöðugleiki þess sé innan öryggismarka á öllum stigum og við breytilegar aðstæður meðan á sjóferð stendur og að komið sé í veg fyrir óásættanlega spennu í burðarvirki skipsins.
4. Lokunartæki, lokunarbúnaður lúga og vatnsþéttar hurðir ekki fyrir hendi eða bilaðar.
5. Ofhleðsla.
6. Djúpristumerki ekki fyrir hendi eða ólæsileg.

3.6. Atriði samkvæmt I. viðauka MARPOL-samningsins (tilvísanir eru gefnar í svigum)

1. Olíusúbúnaður, vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun á olíu eða 15 ppm viðvörunarfyrirkomulag ekki fyrir hendi, alvarlega bilað eða óstarfhæft.
2. Ekki nægilegt rúmtak í dreggjá- og/eða sorageymum til fyrirhugaðrar sjóferðar.
3. Olíudagbók ekki fyrir hendi (20 (5)).
4. Óleyfilegum hjástremislokum fyrir austur komið fyrir.

3.7. Atriði samkvæmt II. viðauka MARPOL-samningsins (tilvísanir eru gefnar í svigum)

1. P&A-handbókin ekki fyrir hendi.
2. Farmur er ekki flokkaður (3 (4)).
3. Engin hleðsludagbók fyrir hendi (9 (6)).

4. Flutningur olíukenndra efna án þess að fullnægja kröfum þar að lútandi eða án þess skírteini hafi verið breytt með viðeigandi hætti (14).
5. Óleyfilegum hjástreymislokum fyrir austur komið fyrir.

3.8. *Atriði samkvæmt STCW-samningnum*

Fjöldi, samsetning eða skírteini áhafnar ekki í samræmi við lágmarksöryggismönnunarskírteini.

3.9. *Atriði samkvæmt ILO-samningunum*

1. Ekki nægilegar vistir um borð fyrir sjóferð til næstu hafnar.
2. Ekki nægilegt drykkjarhæft vatn fyrir sjóferð til næstu hafnar.
3. Hollustuhættir um borð langt frá því að vera fullnægjandi.
4. Enginn hitunarbúnaður í í vistarverum í skipi sem eru starfrækt á svæðum þar sem hiti getur orðið mjög lágur.
5. Óhóflega mikið sorp, gangar/vistarverur tepptar af búnaði eða farmi eða aðstæður þar að einhverju leyti óöruggar.

3.10. *Atriði sem réttlæta e.t.v. ekki kyrrsetingu en þar sem til að mynda verður að stöðva vinnu við farm*

Ef starfsemi (eða viðhald) eðalgaskerfis, farmtengds búnaðar eða vélbúnaðar er ábótavant telst vera nægileg ástæða til að stöðva vinnu við farm.

VII. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR FYRIR SKOÐUNARMENN

(sem um getur í 1. mgr. 11. gr.)

1. Skoðunarmaður skal hafa umboð lögbærs yfirvalds aðildarríkisins til að framkvæma hafnarríkiseftirlit.
2. Skoðunarmaður skal:

annaðhvort
 - hafa starfað í að minnsta kosti eitt ár sem skoðunarmaður fánaríkis og hafa fengist við skoðun og skírteinisútgáfu í samræmi við ákvæði samninganna,
 - og skal hafa:
 - a) atvinnuskírteini skipstjóra sem heimilar honum að stjórna skipi sem er 1 600 brúttórumlestir að stærð eða meira (sbr. alþjóðasamning um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW), regla II/2); eða
 - b) atvinnuskírteini yfirvélstjóra sem heimilar honum að taka að sér það starf um borð í skipi þar sem afl aðalvélbúnaðar er 3 000 kW eða meira (sbr. alþjóðasamning um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW), regla III/2); eða
 - c) lokið prófi sem skipaverkfræðingur/tæknifræðingur, vélaverkfræðingur eða verkfræðingur/ tæknifræðingur á sviði siglingamála og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta kosti,
 - hafa starfað til sjós í fimm ár að minnsta kosti sem yfirmaður á þilfari eða í vélarrúmi, eftir því sem við á, ef hann fellur undir a- eða b-lið hér að framan.

eða

 - hafa háskólagráðu á viðkomandi sviði eða sambærilega menntun, og
 - hafa fengið þjálfun og verið útskrifaður úr skóla fyrir skipaskoðunarmenn, og
 - hafa starfað í að minnsta kosti tvö ár sem skoðunarmaður fánaríkis og hafa fengist við skoðun og skírteinisútgáfu í samræmi við ákvæði samninganna.
3. Hæfni til að eiga munnleg og skrifleg samskipti við sjómenn á því tungumáli sem algengast er til sjós.
4. Hæfileg þekking á ákvæðum alþjóðasamninga og viðeigandi starfsaðferðum við hafnarríkiseftirlit.
5. Eftirlitsmenn sem ekki fullnægja viðmiðununum hér að framan geta einnig öðlast viðurkenningu ef þeir starfa við hafnarríkiseftirlit hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríki þann dag sem tilskipun þessi er samþykkt.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/23/06

nr. 21/96
frá 26. mars 1996

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 264/01 frá 28. september 1995 um nýtingu á fjarvirkni við flutninga á vegum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 85. lið (ályktun ráðsins 95/C 169/03) í XIII. viðauka við samninginn:

„86. **395 Y 1011(01)**: Ályktun ráðsins 95/C 264/01 frá 28. september 1995 um nýtingu á fjarvirkni við flutninga á vegum (Stjttíð. EB nr. C 264, 11. 10. 1995, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 264/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 18, 25. 4. 1996, bls. 24.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 264, 11. 10. 1995, bls. 1.

ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 28. september 1995

um nýtingu á fjarvirkni við flutninga á vegum

(95/C 264/01)(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af ákvörðun ráðsins 93/629/EBE frá 29. október 1993 um að koma á samevrópsku vegakerfi ⁽¹⁾, og tillögu til Evrópuþingsins og ákvörðun ráðsins um viðmiðunarreglur bandalagsins við þróun samevrópska flutninganetsins, sem framkvæmdastjórnin lagði fram 7. apríl 1994 ⁽²⁾,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um gagnaflutningsþjónustu [fjarvirkni] á sviði flutninga ⁽³⁾ og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 4. nóvember 1994 um fjarvirkni á sviði flutninga,

sem hefur hliðsjón af niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins, sem var haldinn í Essen 9. og 10. desember 1994, varðandi samevrópsk netkerfi og mikilvægi stjórnkerfa á sviði samgangna,

sem hefur hliðsjón af ákvörðun ráðsins 94/801/EB frá 23. nóvember 1994 um sérstaka áætlun um rannsóknir og tæknipróun, meðal annars tilraunaverkefni á sviði almennrar notkunar gagnaflutningsþjónustu [fjarvirknibúnaðar] (1994 til 1998) ⁽⁴⁾ og ákvörðun ráðsins 94/914/EB frá 15. desember 1994 um sérstaka áætlun um rannsóknir og tæknipróun, meðal annars tilraunaverkefni á sviði flutninga (1994 til 1998) ⁽⁵⁾,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Eigi að nýta fjarvirkni við flutninga á vegum verða aðildarríkin að leggja megináherslu á að innleiða þann búnað sem næst kemur hinni eiginlegu framkvæmd, á grundvelli lágmarkstækniforskrifta og lágmarksstaðla sem munu tryggja samhæfi búnaðar og efla öryggi og skilvirkni um gervalla Evrópu.

Skilgreina verður hvaða kröfur verða gerðar um rekstrarsamhæfi vegna slíks búnaðar, þannig að notendum sé tryggð besta þjónusta sem völ er á, á viðráðanlegum kjörum, og án þess að ríkisborgurum aðildarríkjanna sé mismunað; jafnframt verður að taka tillit til notenda þriðju landa og taka mið af núverandi aðstæðum, auk þess sem virða ber hlutfalls- og dreifráðisreglurnar og gæta þess að ekki sé aukið á skrifinnskuna.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 264, 11. 10. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/96 frá 26. mars 1996 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 305, 10. 12. 1993, bls. 11.

(2) Stjttö. EB nr. C 220, 8. 8. 1994, bls. 1.

(3) Stjttö. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1.

(4) Stjttö. EB nr. L 334, 22. 12. 1994, bls. 1.

(5) Stjttö. EB nr. L 361, 31. 12. 1994, bls. 56.

Enn fremur er þörf á að byggja ekki aðeins á reynslu aðildarríkjanna, heldur einnig á þeirri reynslu sem menn hafa öðlast í tengslum við framkvæmd Evrópuverkefna, þegar kanna á hvort viðmiðunarreglur um ákveðin atriði er varða rekstrarsamhæfi og samfelldni búnaðar eru virtar og skilgreina á hindranir og erfiðleika, sem koma í veg fyrir að hann sé tekinn í notkun um þvera Evrópu og réttlæta þar af leiðandi að gripið sé til ráðstafana á vegum bandalagsins.

FAGNAR þeirri vinnu sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa lagt fram til að undirbúa nýtingu fjarvirknibúnaðar við flutninga á vegum,

VEKUR ATHYGLI á því að framkvæmdastjórnin hefur unnið að ráðstöfunum með það að markmiði að samhæfa fjarvirknibúnað í flutningum eins og hún tilkynnti í vinnuáætlun sinni frá 1995 um upplýsingaþjófóðfélagið, og

I

FAGNAR ÞVÍ að gerðar hafi verið ráðstafanir er hafa það að markmiði að samhæfa nýtingu á umferðarupplýsinga- og viðvörunarþjónustum sem nota RDS-TMC (Radio Data System - Traffic Message Channel),

sem vekur athygli á að vinna sérfræðinga hefur gert kleift að skilgreina tækniforskriftir og lágmarksstaðla, er tryggja samhæfi endabúnaðar um borð í ökutækjum, sem hefur verið tekinn í notkun með það í huga að sjálfvirk upplýsinga- og viðvörunarkerfi, sem nota RDS-TMC, verði sett upp og veiti almenningi aðgang að þjónustu sem smám saman má samhæfa og gera samfellda, og

sem viðurkennir að einkageirinn hljóti að gegna veigamiklu hlutverki við að móta og veita RDS-TMC-þjónustu,

HVETUR framkvæmdastjórnina, með það í huga að tryggja rekstrarsamhæfi umferðarupplýsinga- og viðvörunarþjónusta, sem nota RDS-TMC, og með það í huga að tryggja samhæfi endabúnaðar um borð í ökutækjum, sem þarf að vera fyrir hendi vegna þessarar þjónustu, til að leggja fram tillögu um umferðarupplýsinga- og viðvörunarþjónustur, sem nota RDS-TMC, enda sé tillagan reist á þeim tillögum um staðla sem nú liggja fyrir, þar á meðal tillögu Staðlasamtaka Evrópu (CEN) um ALERT-C-aðferðarlýsinguna (Advice and Problem Loca-

tion for European Road Traffic (leiðbeiningar og upplýsingar vegna umferðartafa á vegum í Evrópu), C-útgáfa) á þráðlausum útsendingum með:

- skrá yfir tilkynningar um sérstök tilvik, og
- upplýsingum um tengdar staðsetningartöflur,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM, í millitíðinni, til þeirra aðildarríkja, sem óska eftir að veita almenningi aðgang að umferðarupplýsinga- og viðvörunarþjónustum, sem nota RDS-TMC, að þau styðjist við framangreinda tillögu Staðlasamtakanna um ALERT-C-aðferðarlýsinguna,

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, sem koma saman á vegum framkvæmdanefndar vegna DEFIN-frumkvæðisins (Definition of First Step Implementation — skilgreining á framkvæmd fyrsta áfanga), að þau skuldbindi sig til að vinna áfram að stöðlun sérstakrar RDS-TMC-þjónustu og til að rannsaka þróun ALERT +-aðferðarlýsingarinnar (Advice and Problem Location for European Road Traffic (leiðbeiningar og upplýsingar vegna umferðartafa á vegum í Evrópu), „plús“-útgáfa), sem viðbótar er samrýmist ALERT-C-aðferðarlýsingunni, einkum með það í huga að unnt sé að flytja nákvæmar upplýsingar um umferð á vegum, aksturstíma og almenna farþegaflutninga,

LEGGUR TIL að þau aðildarríki, sem óska eftir að koma á alþjóðlegum skiptum á vegaupplýsingum milli miðstöðva sinna, noti bráðabirgðastaðla sem unnir hafa verið á vegum Staðlasamtaka Evrópu CEN TC/278 (tækninefnd CEN nr. 278),

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, sem koma saman á vegum framkvæmdanefndar vegna DEFIN-frumkvæðisins, að þau taki saman reglur um samspil hinna margvíslegu þjónustuaðgerða til að tryggja samhæfi þjónusta, sem veita upplýsingar milli borga og nota framangreindar forskriftir, og þjónusta borga, sem verða fyrst og fremst mótaðar með stæri þéttbýlissvæði í huga, og rannsaki í samvinnu við iðnfyrirtækin hver verða lágmarksáhrifin á stýringu grunnaðgerða endabúnaðarins,

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina að þau styðji vinnu við stöðlun á sérhæfðri RDS-TMC þjónustu, má þar einkum nefna ALERT+-aðferðarlýsinguna og tilkynningar um umferð á vegum,

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina að þau styðji vinnu við stöðlun á víðtækari upplýsingaþjónustu, sem gerir ráð fyrir tvíátta upplýsingaskiptum með skammdrægum og meðaldrægum fjarskiptum, til að halda áfram og hraða vinnu við skilgreiningu, hliðstætt við RDS-TMC, á tækniforskriftum og lágmarksstöðlum er tryggi samhæfi endabúnaðar í ökutækjum og rekstrarsamhæfi allra þjónustanna,

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin að þau hvetji til þess að á tilteknum stöðum, þar sem tekin verða upp fjarvirkikerfi og -þjónustur, verði notuð stafræn vegakort í samræmi við tillöguna í CEN/TC/278 varðandi bráðabirgðastaðalinn „prENV GDF 2.1“ (Geographic Data File, útgáfa 2.1), uns endanlegir staðlar verða samþykktir,

FAGNAR þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar með það í huga að skilgreina viðmiðunarmörk fyrir samfelldni, rekstrarsamhæfi og samhæfi, sem unnt er koma í framkvæmd með góðu móti í tengslum við hinar margvíslegu umferðarupplýsinga- og viðvörunarþjónustur, upplýsingaskipti yfir landamæri, notkun breytilegra merkjaskilta og stjórnun umferðar yfir landamæri, enda er hér stuðst við greiningu sem innlendir sérfræðingar hafa gert á niðurstöðum löggildingar- og tilrauna-verkefna, með höfuðáherslu á samevrópska vegakerfið,

II

SEM VEKUR ATHYGLI Á að Staðlasamtök Evrópu (CEN) hafa, sem liður í því starfi sem fram fer í tengslum við CEN/TC 278, lagt fram tillögur að bráðabirgðastöðlum fyrir skammdræg fjarskipti, með höfuðáherslu á kerfi sem nota 5,8 GHZ-bandið og innrauða bilið og sem unnt er að nota í sambandi við viðbótarþjónustur, einkum sjálfvirka innheimtu vegatolla,

FER ÞESS Á LEIT við evrópskar staðlastofnanir að þær bæti við þessar tillögur þannig að þær taki til allra tæknilegra þátta skammdrægra fjarskipta auk þess að taka til farsímasendinga (hólfskipt fjarskiptakerfi) og sendinga um gervihnetti,

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau leggi mat á þessar tillögur í tengslum við fjórðu rammaáætlunina um rannsóknir og þróun og ekki síst að þau rannsaki vandkvæði varðandi samleitni við fyrirleggjandi kerfi,

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin að þau tryggi að ný kerfi, sem byggjast á skammdrægum skiptum, séu samrýmanleg fyrirhuguðum stöðlum,

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau hraði vinnu sinni varðandi rekstrarsamhæfi rafrænna vegatollkerfa í Evrópu, sem tengjast samevrópska vegakerfinu, að teknu tilliti til tilskipunar 93/89/EBE⁽¹⁾,

FER ÞESS Á LEIT við staðlastofnanirnar að þær leggi höfuðáherslu á opinbera viðurkenningu á þeim stöðlum og forskriftum sem vísað er til hér að framan,

(¹) Stjtið. EB nr. L 279, 12. 11. 1993, bls. 32.

III

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina:

- a) að hún leiti aðstoðar starfshóps háttsettra fulltrúa, sem aðildarríkin tilnefna, við kerfisbundna rannsókn á nýtingu fjarvirknibúnaðar á vegum og skal starfshópnum, eftir því sem þörf krefur, gert kleift að virkja opinbera aðila eða einkaaðila (atvinnurekendur eða fyrirtæki), auk notenda, til þátttöku í þessu starfi;
- b) að hún skipuleggi vinnu starfshópsins með þeim hætti að ekki verði um að ræða endurtekningu á vinnu starfshópa sem fyrir eru, þannig að unnt verði að flokka betur sérhæfðar aðgerðir sem unnið er að og nýta niðurstöður þeirra,

FER ÞESS Á LEIT við aðildarríkin að þau tilnefni fulltrúa sína í starfshópinn úr ráðuneytum eða stofnunum sem hafa umsjón með nýtingu fjarvirkni á vegum,

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún, á grundvelli niðurstaðna starfshópsins, verkþekkingar aðildarríkjanna og reynslu, og á grundvelli árangurs af fyrstu nýtingartilraunum og af verkefnum sem falla undir fjórðu rammaáætlunina um rannsóknir og þróun og öðrum bandalagsaðgerðum sem nú er unnið að:

- c) leggi fram almenna starfsáætlun og ramma varðandi nýtingu á fjarvirknibúnaði fyrir flutninga á vegum:
 - að hún skilgreini annan búnað sem leggja ber höfuðáherslu á að þróa,
 - að hún komi með tillögur um lágmarksforskriftir þannig að unnt sé að taka áður nefndan annan búnað í notkun og upplýsi ráðið eins fljótt og kostur er um þann árangur sem hefur náðst,
 - að hún skilgreini raunverulegar hindranir sem standa í vegi fyrir slíkri þjónustu og má rekja annars vegar til stjórnsýslu og stjórnskipulags aðildarríkjanna, og hins vegar til rekstrarsamhæfi og samhæfi þessarar þjónustu á samevrópskum vettvangi, og taki saman þær tilskipanir sem á þarf að halda til að unnt sé að fjarlægja þessar hindranir;
- d) leggi fyrir ráðið sundurliðaða vinnuáætlun starfshópsins og, nánar tiltekið fyrir lok ársins 1995, sundurliðaða skýrslu um aðgerðir Evrópusambandsins er varða fjarvirkni á vegum ásamt greiningu á kostnaðarávinningi vegna fyrirhugaðra ráðstafana, og að hún upplýsi það reglulega um fram komnar niðurstöður.

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA NR. 106/95/COL 96/EES/23/07

frá 31. október 1995

um undanþágu fyrir glerumbúðir frá grunnskatti á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur (aðstoð nr. 95-002 (Noregur))

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið⁽¹⁾, einkum 61. til 63. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls⁽²⁾, einkum 1. gr. bókunar 3,

og eftir að hafa veitt hlutaðeigandi aðilum frest til að koma athugasemdum sínum á framfæri í samræmi við framannefndar greinar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Tilkyningin

Með bréfi dagsettu 20. janúar 1995, sem barst eftirlitsstofnun EFTA 24. janúar sama ár (tilv. 95-512 A), tilkynntu norsk stjórnvöld, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, áform um að undanþiggja glerumbúðir grunnskattinum⁽³⁾ á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur („Grunnavgift på engangsemballasje for drikkevarer“, þingsályktun Stórþingsins nr. 1 (1994-95)), þ.e. allar umbúðir sem ekki eru notaðar oft en einu sinni í sama tilgangi án vinnslu. Eftirlitsstofnun EFTA fór fram á frekari upplýsingar frá norskum stjórnvöldum í bréfi frá 3. febrúar 1995 (tilv. 95-573 D). Umbeðnar upplýsingar voru sendar stofnuninni í símbréfi (tilv. 95-979 A), dagsettu 15. febrúar 1995, sem barst 16. febrúar 1995.

2. Efni og markmið aðstoðarráðstafananna

Norsk stjórnvöld hafa lagt til að undanþiggja glerflát frá óbeinum skatti á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Skatturinn nemur nú 0,70 NOK á einingu á innri umbúðir. Skattundanþágan mun gilda jafnt fyrir öll glerflát, bæði þau sem eru framleidd innanlands svo og innflutt glerflát. Aðstoðin miðast fyrst og fremst við

ákveðna atvinnustarfsemi, þ.e. að tryggja áframhaldandi framleiðslu fyrirtækisins PLM Moss Glassverk A/S. PLM-samstæðan hafði upphaflega ákveðið að hætta framleiðslu í Noregi vegna tapreksturs fyrirtækisins.

Samkvæmt norskum yfirvöldum hefur fyrirkomulag umhverfisskatta, einkum skatta sem lagðir eru á umbúðir fyrir drykkjarvörur í Noregi, haft alvarleg áhrif á arðsemi PLM Moss Glassverk A/S. Skattar á umbúðir fyrir drykkjarvörur og orkutengdir skattar eru, samkvæmt tilkynningunni, óvenjulega háir í Noregi borið saman við önnur EES-lönd. Norsk stjórnvöld hafa talið nauðsynlegt að láta fyrirtækinu í té fyrirhugaða aðstoð til að draga úr þessum áhrifum á rekstur þess.

PLM Moss Glassverk A/S er aðalnotandi glerúrgangs sem er safnað og unninn með endurnýtingu í huga og því telja norsk yfirvöld starfsemi fyrirtækisins vera ómissandi hluta norska kerfisins fyrir endurvinnslu á glerúrgangi. Norsk yfirvöld telja að kerfinu fyrir endurvinnslu á gleri sé verulega stefnt í hættu ef PLM-samstæðan lokar norska dótturfyrirtæki sínu.

Norsk yfirvöld telja að aðstoð sé réttmæt samkvæmt undanþágu sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, og benda á mikilvægi þess að halda áfram glerframleiðslu í Noregi, svo og atriði sem tengjast umhverfismálum og þau áhrif sem hugsanleg lokun fyrirtækisins mundi hafa á atvinnu í héraði þar sem samdráttur er í iðnaði.

3. PLM Moss Glassverk A/S og markaðurinn fyrir drykkjarumbúðir

PLM Moss Glassverk A/S

PLM Moss Glassverk A/S er eini framleiðandinn í Noregi sem framleiðir glerumbúðir. Framleiðslustöðvar fyrirtækisins eru í Moss sem er stjórnsýslusmiðstöð í Austfold-fylki og er fyrirtækið einn af helstu vinnuveitendum þar. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki PLM-samstæðunnar sem er með höfuðstöðvar sínar í Svíþjóð⁽⁴⁾. PLM-samstæðan keypti Moss Glassverk⁽⁵⁾ A/S eftir að fyrirtækið

⁽¹⁾ Hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

⁽²⁾ Hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

⁽³⁾ Hugtakið grunnskattur („grunnavgift“) er m.a. notað til að greina þennan skatt frá sundurgreinda umhverfisskattinum sem er lagður á endurnýtanlegar umbúðir í samræmi við endurvinnslueiginleika þeirra.

⁽⁴⁾ PLM er einn af helstu umbúðaframleiðendum í Evrópu. PLM framleiðir og markaðssetur ýmis konar neytendapakkingar úr málm, gleri og plasti.

⁽⁵⁾ Stofnsett 1898.

varð gjaldþrota árið 1989. PLM Moss Glassverk A/S hefur verið rekið með tapi frá 1992. Árið 1993 nam hallinn 10,3 milljónum NOK.

PLM Moss Glassverk A/S er með 285 manns í sinni þjónustu. Framleiðslubúnaður samanstendur af tveimur bræðsluofnum og fjórum framleiðsluvélasamstæðum sem geta starfað samtíma eftir fimm framleiðslulínnum. Bræðsluofnarnir hafa átta ára endingartíma, en að þeim tíma liðnum verður að endursmíða þá. Endingartími eins bræðsluofnsins rennur út í árslok 1995, en endingartími hins ofnsins árið 1996. PLM-samstæðan verður því að taka ákvörðun um hvort gera eigi við annan ofninn til bráðabirgða, en slík viðgerð kostar 20 milljónir NOK, eða fjárfesta í nýjum bræðsluofni, en slík fjárfesting kostar 33 milljónir NOK. Í báðum tilvikum yrði þó að leggja út í frekari fjárfestingar síðar vegna endurnýjunar.

Fyrri kosturinn gerir ráð fyrir stöðugum samdrætti í framleiðslu í Noregi árin 1995-98, en jafnframt aukningu í fjárfestingum og framleiðslu í verksmiðju PLM-samstæðunnar í Limmared í Svíþjóð. Síðari kosturinn myndi gera kleift að halda framleiðslu í Noregi áfram fram yfir aldamótin 2000. PLM setur þau skilyrði fyrir seinni kostinum að framleiðsla í Noregi teljist hagkvæm.

Upphaflega ákvað PLM-samstæðan 5. desember 1994 að hætta smám saman framleiðslu PLM Moss Glassverk A/S. Að höfðu samráði við norsk stjórnvöld ákvað PLM-samstæðan þó að fallast á seinni kostinn.

Framleiðslutölur PLM Moss Glassverk A/S fyrir tímabilið 1990 til 1994 sýna merkjanlegar sveiflur bæði í framleiðsluvirði og framleiðslumagni fyrirtækisins. Einingarverð einnota fláta fyrir óáfenga drykki, sem er sú tegund af framleiðslu fyrirtækisins sem ætla mætti að eftirgjöf á grunnskatti hefði mest áhrif á, hefur lækkað þann tíma sem athugunin fór fram.

Aðstoð við PLM Moss Glassverk A/S

Norsk yfirvöld áætla að fjárhagslegur hagnaður PLM Moss Glassverk A/S af skattundanþágu fyrir glerumbúðir nemi 13 milljónum NOK á ári. Sú tala er fengin með því að margfalda fjölda einnota fláta undir drykkjarvörur úr gleri, sem PLM Moss Glassverk A/S framleiðir, með skattinum á hverja einingu, sem er 0,70 NOK.

Árið 1994 naut PLM Moss Glassverk A/S góðs af beinni fjárveitingu sem norsk stjórnvöld⁽⁶⁾ úthlutaðu árið 1993 og nam 11 milljónum NOK, samkvæmt tímabundnu styrkjakerfi til að tryggja söfnun og endurvinnslu á gleri í Noregi. Fyrirtækið Norsk Glassgjenvinning A/S, sem er sérhæft í söfnun og vinnslu á gleri til að endurnota sem hráefni, fékk eina milljón NOK samkvæmt sama kerfi árið 1994. Tímabundna styrkjakerfið var lagt niður 31. desember 1994.

Markaður fyrir drykkjarvöruumbúðir í Noregi

Ekki er unnt að skilja umbúðamarkaðinn frá markaðinum fyrir drykkjarvörur. Hvað varðar eftirspurn þá velur neytandi alla jafna samtímis milli ólíkra drykkjarvara og mismunandi umbúða. Hvað varðar framboð þá á framleiðsla á umbúðum, eftir því hvaða umbúðaeftir er notað, sér oft stað við framleiðslu og átöppun drykkjarvara. Glerumbúðir verður þó að framleiða í sérstöku ferli.

Eftirfarandi upplýsingar, sem eru teknar úr víðara samhengi, sýna nokkur meginþætti norska markaðarins fyrir drykkjarvörur og drykkjarvöruumbúðir.

Bjór er alla jafna annaðhvort seldur í margnota glerflöskum (markaðshluttur 72% árið 1993) eða í tunnum (markaðshluttur 27% árið 1993). Hvað varðar einnota umbúðir eru hlutur málm dósa á bjórmarkaðinum einungis 1%. Plastflát eru greinilega mjög lítið notuð undir bjór.

Hvað varðar óáfenga gosdrykki þá hafa margnota plastumbúðir yfirtekið þennan markað á kostnað glerflaskna. Markaðshluttur margnota glerflaskna hefur lækkað úr 88% árið 1990 í 26% árið 1993, en á sama tíma hafa plastflát aukið hlutdeild sína úr 1% 1990 í 73% árið 1993⁽⁷⁾. Hvað varðar bjór hafa málm dósir stöðugan markaðshlut er nemur 1%. Markaðshluttur glerumbúða fyrir safu og aðra óáfenga goslausu drykki virðist tiltölulega stöðugur þrátt fyrir að tiltækar upplýsingar sýni einnig dálíttinn samdrátt í notkun glerfláta á þessum hluta markaðarins.

Heildarneysla í Noregi árið 1994 var 219 milljónir lítra af bjór, 526 milljónir lítra af óáfengum gosdrykkjum og 200 milljónir lítra af óáfengum goslausum drykkjum.

Næstum allur bjór sem er seldur í margnota glerflöskum er framleiddur innanlands, á meðan innfluttur bjór er aðallega seldur í dósnum og einnota gleri, og í minna mæli í margnota glerflöskum. Helmingurinn af brenndum drykkjum, víni og sterkum bjór er seldur í margnota flöskum og helmingurinn í einnota flöskum. Næstum allar drykkjarvörur sem eru seldar í margnota glerflöskum eru framleiddar innanlands, á meðan þær sem eru seldar í einnota flöskum eru allar innfluttar. Óáfengir goslausir drykkir sem eru seldir í margnota umbúðum (gleri og PET) eru aðallega framleiddir innanlands, á meðan drykkjarvörur sem eru seldar í einnota umbúðum (aðallega dósnum) eru eingöngu innfluttar.

Tafla 1 hér á eftir er byggð á tölfræðilegum upplýsingum⁽⁸⁾ sem samtök umbúðaframleiðenda í Noregi birtu⁽⁹⁾. Flokkunarkerfi samræmdu tollskrárinnar gerir ekki kleift að bera kennsl á sérstakar tölur til upplýsingar um útlutning og innflutning á innri umbúðum fyrir drykkjarvörur úr málm eða plasti. Því tekur tafla 1 ekki til slíkra umbúða. Taflan sýnir almenna aukningu á útlutningi á glerflöskum fyrir áfenga og óáfenga drykki sem geta ekki hafa verið framleiddar annars staðar en í PLM Moss

⁽⁶⁾ Budsjettinnstilling S II (1993-94), 70. liður í 1442. kafla.

⁽⁷⁾ Samkvæmt iðnaðar- og orkumálaráðuneytinu jókst markaðshluttur margnota plastumbúða í u.þ.b. 93% árið 1994 á kostnað glerumbúða.

⁽⁸⁾ Heimild: NOS Utenrikshandel.

⁽⁹⁾ Den Norske Emballasjeforening - Emballasjeindustriens Landsforening (EIL).

Tafla 1 - Inn- og útflutningur á umbúðum fyrir drykkjarvörur

Númer í samræmdu tollskránni	Lýsing	1990		1991		1993	
		Innflutningur milljónir NOK	Útflutningur milljónir NOK	Innflutningur milljónir NOK	Útflutningur milljónir NOK	Innflutningur milljónir NOK	Útflutningur milljónir NOK
7001.9001	Glerumbúðir Flöskur fyrir bjór og ölkelduvatn	2,0	23,6	8,1	22,4	7,1	31,5
7001.9002	Flöskur fyrir vín, brennda drykki eða safu	4,5	0,2	2,9	13,0	2,6	23,7
7001.9005	Aðrar flöskur	12,1	9,1	14,4	25,6	17,1	6,7

Glassverk A/S. Þetta er í samræmi við ákvörðun PLM-samstæðunnar um að loka einni framleiðsluverksmiðju sinni í Svíþjóð (Hammer) og flytja hluta framleiðslunnar til Noregs eftir að hafa keypt Moss Glassverk A/S. Innflutningur á glerflöskum til Noregs hefur einnig aukist á sama tímabili, en í minna mæli.

4. Skattar á umbúðir fyrir drykkjarvörur

Grunnskattur („grunnavgift“) á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur var innleiddur 1. janúar 1994.⁽¹⁰⁾ Skatthlutfallið sem gildir frá 1. janúar 1995 nemur 0,70 NOK á hverja einingu. Skatturinn er lagður á öll einnota drykkjarflát óháð endurheimtu- eða endurvinnsluhlutfalli. Einnota umbúðir eru skilgreindar⁽¹¹⁾ sem allar umbúðir sem ekki er unnt að nota aftur í sama tilgangi og áður. Grunnskatturinn er lagður á allar einnota umbúðir⁽¹²⁾ fyrir drykkjarvörur að undanskildu eftirfarandi: a) mjólk og mjólkurafurðum, b) drykkjarvörum þar sem uppistaðan er kakó, súkkulaði og þykkni slíkra afurða og c) vörum í duftformi. Undanþága fyrir drykkjarvörur úr tei og kaffi var felld úr gildi 1. janúar 1995.

Skatturinn er innheimtur á sama hátt af öllum umbúðum annaðhvort við innflutning eða þegar drykkjarvörum er tappað á flöskur og gengið frá þeim. PLM Moss Glassverk A/S greiðir grunnskattinn ekki beint. Skatturinn er ekki lagður á drykkjarvöruumbúðir sem eru fluttar út frá Noregi.

Grunnskatturinn er nú í athugun hjá eftirlitsstofnuninni sem kannar hvort hann samrýmist 14. gr. EES-samningsins.

⁽¹⁰⁾ St.prp. nr. 1 (1994-95) Skatter og avgifter til statskassen, Grunnavgift på engangsemballasje for drikkevarer.

⁽¹¹⁾ Sjá b-lið 2. mgr. í „Forskrifter om grunnavgift på engangsemballasje for drikkevarer fastsatt av Finansdepartementet 30. desember 1993“.

⁽¹²⁾ Sem taka minna en fjóra lítra.

Sundurgreindur umhverfisskattur⁽¹³⁾, sem að meginreglu til er lagður á öll drykkjarflát, var innleiddur jafnhliða grunnskattinum 1. janúar 1994. Skattstig eru sundurgreind í samræmi við endurvinnslueiginleika hvers flokks fláta í samræmi við reglugerð um skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Fullur skattur á flát sem eru ekki endurunnin nemur 3,00 NOK á hverja einingu, á meðan lægri skattur sem nemur 1,05 NOK á hverja einingu er lagður á endurnýtanlegar glerumbúðir. Söfnunar- og endurvinnslukerfi eru ekki til fyrir aðrar umbúðir fyrir drykkjarvörur en gler. Þó er nú verið að koma á slíkum kerfum.⁽¹⁴⁾

5. Norska söfnunar- og endurvinnslukerfið fyrir glerúrgang

Söfnun og endurvinnsla glerumbúða grundvallast á ákvæðum reglugerðarinnar um skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir frá 10. desember 1993.

Söfnun glerúrgangs í Noregi hófst 1988. Árið 1992 átti PLM Moss Glassverk A/S frumkvæðið að því að stofna fyrirtækið Norsk Glassgjenvinning A/S (NGG) sem sérhæfir sig í söfnun og vinnslu glers til að endurnota sem hráefni. NGG hóf starfsemi 1993 og viðurkennir Mengunareftirlit ríkisins skilakerfi fyrirtækisins á grundvelli reglugerðarinnar sem um getur hér að framan. Áætlað skilahlutfall skilakerfis NGG árið 1995 er talið 65%. Kostnaði við skilakerfið er mætt með endurvinnslugjaldi fyrir hverja einingu glerumbúða sem greiðist af meðlimum í NGG og ágóða fyrirtækisins af sölu unnins glerúrgangs. Meðlimir í NGG verða því, eftir umhverfiseiginleikum glerumbúðanna er um ræðir, að greiða NGG grunnskattinn á einnota drykkjarflát (= 0,70 NOK á hverja einingu), 35% af umhverfisskattinum (= 1,05 NOK á hverja einingu) og að auki endurvinnslugjaldið til NGG.

⁽¹³⁾ Umhverfisskattinum og reglugerðinni um skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir er lýst nánar í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar frá 13. apríl 1995 um að hefja rannsókn (Stjótt EB nr. C 212, 17. 8. 1995, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 30, 17. 8. 1995, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Norski iðnaðurinn gerði 14. september 1995 fjóra samninga við umhverfissráðuneytið um endurvinnslu á öðrum umbúðaefnum.

NGG kaupir glerúrgang frá sveitar- og bæjarfélögum sem safna honum sérstaklega. Síðan vinnur NGG glerúrganginn og selur hann sem hráefni til PLM Moss Glassverk A/S eða annarra kaupenda. NGG tekur við öllum glerúrgangi, meðal annars úrgangi glers sem framleitt er í PLM Moss Glassverk A/S og innfluttu gleri. Þetta þýðir að meira gleri var safnað (38 000 tonnum árið 1995) en PLM Moss Glassverk A/S getur endurunnið (25 000 tonn árið 1995). Því hafa nýjar leiðir við að endurvinna glerúrgang verið kannaðar sem varð til þess að 1995 var glerúrgangur sem safnað var af NGG var notaður til þess að framleiða sérstaka gæðasteinull („glava“). Efni frá NGG til að framleiða „glava“ er talið hafa numið u.þ.b. 6000 tonnum árið 1995. Norska rannsóknastofnunin SINTEF hefur hafist handa við verkefni um hugsanlega notkun á glerúrgangi sem hráefni við framleiðslu á sérstakri gæðaglersteypu („glass betong“). Verkefnið er þó enn á byrjunarstigi. Hvað varðar þau 7000 tonn sem eftir eru hefur engin lausn fundist en verið er að kanna útflutningsmöguleika.

II.

MÁLMEÐFERÐ SAMKVÆMT 2. MGR. 1. GR. BÓKUNAR 3 VIÐ SAMNINGINN UM EFTIRLITSSTOFNUNINA OG DÓMSTÓLINN

1. Formleg rannsókn

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað 13. apríl 1995 (ákv. nr. 40/95/COL) að hefja formlega rannsókn í tengslum við fyrirhugaða aðstoð. Norskum stjórnvöldum var tilkynnt um ákvörðunina með bréfi frá 18. apríl 1995 (tilv. 95-2478-D), sem hafði að geyma afrit af ákvörðun stofnunarinnar frá 13. apríl 1995, þar sem þeim var boðið að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan eins mánaðar frá móttöku ákvörðunarinnar og útvega stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna rannsóknar málsins. Norsk stjórnvöld voru minnt á að þeim bæri skylda til að fresta framkvæmd fyrirhugaðra aðgerða þar til lokaákvörðun hefði verið tekin, að lokinni rannsókn. Norsk stjórnvöld sendu eftirlitsstofnuninni athugasemdir sínar varðandi ákvörðun stofnunarinnar þann 30. maí 1995 í bréfi sem móttekið var sama dag (tilv. 95-3289 A). Fyrirhuguð aðstoð var rædd á fundi með norskum yfirvöldum 12. júní 1995.

Framkvæmdastjórn EB var sent afrit af ákvörðuninni í upplýsingaskyni í samræmi við bókun 27 við ESS-samninginn. Meginatriði ákvörðunarinnar voru birt í formi auglýsingar í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins (Stjtið. EB nr. C 212, 17. 8. 1995, bls. 6-13) og EES-viðbæti við þau (EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB nr. 30, 17. 8. 1995, bls. 1-8) þar sem EFTA-ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum, EB-aðildarríkjum og hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

Stofnuninni bærust athugasemdir frá eftirfarandi hagsmunaaðilum: Beverage Can Makers Europe (tilv. 95-5245 A), Elopak A/S (tilv. 95-5376 A), Tetrapak A/S (tilv. 95-5374 A), Prosess- og foredlingsindustriens Landsforening (tilv. 95-5416 A) og Norges Dagligvarehandels Forbund (tilv. 95-5618 A). Stofnunin

áframsendi afrit af athugasemdum framannefndra hagsmunaaðila í bréfum dagsettum 21. september (tilv. 95-5504 D) og 4. október 1995 (tilv. 95-5800 D) til norskra stjórnvalda og fór fram á athugasemdir af þeirra hálfu. Athugasemdir norskra stjórnvalda bárust um bréfasíma 20. október 1995 (tilv. 95-6092 A).

2. Athugasemdir frá norskum stjórnvöldum

Norsk yfirvöld leggja áherslu á tvö atriði hvað varðar undanþágu frá almenna banninu við ríkisaðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með vísun til c-liðar 3. mgr. 61. gr. og afleiddra reglna um ríkisaðstoð í tengslum við umhverfisvernd. Í fyrsta lagi hið mikilvæga hlutverk sem PLM Moss Glassverk A/S gegnir í norska kerfinu fyrir endurvinnslu á glerúrgangi og í öðru lagi þau neikvæðu áhrif sem skatturinn hefur á fjárhag fyrirtækisins. Þau telja að ásamt öðrum umhverfissköttum og erfiðum ört breytilegum markaðsskilyrðum hafi nýr umhverfisskattur á umbúðir fyrir drykkjarvörur haft veruleg áhrif á fyrirtækið.

Norsk yfirvöld viðurkenna að fyrirhuguð undanþága fyrir glerumbúðir frá grunnskattinum feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins og hafa því tilkynnt hana til stofnunarinnar. Þau samþykkja einnig að ekki sé hægt að beita 61. gr. í EES-samningnum til að ónýta reglur samningsins um óhindraða vöruflutninga. Þó er talið að undanþága fyrir endurnýtanlegt gler frá grunnskattinum muni ekki hafa slík áhrif. Norsk yfirvöld eru ekki á þeirri skoðun að skattundanþágan muni leiða til ólíkrar meðhöndlunar á innlendum vörum miðað við innfluttar og benda á þá staðreynd að allar einnota glerumbúðir, þar með taldar innfluttar, verða undanþegnar grunnskattinum.

Enn fremur telja norsk yfirvöld að undanþágan samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. geri í þessu tilviki ráð fyrir hugsanlegri undanþágu frá almenna banninu við aðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. Vísað er til 1. mgr. í lið 15.4.3. í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar⁽¹⁵⁾ þar sem kveðið er á um ríkisaðstoð vegna eftirlits með úrgangi og tímabundinnar undanþágu frá nýjum umhverfissköttum.

Með hliðsjón af markaðsaðstæðum fyrir unninn glerúrgang í Noregi og endurvinnslukerfinu fyrir glerúrgang⁽¹⁶⁾ hafa norsk yfirvöld komist að niðurstöðu um að endurvinnslukerfi fyrir gler grundvallast að miklu leyti á getu PLM Moss Glassverk A/S til að endurvinna slíkt gler og að enginn annar raunhæfur kostur bjóðist sem stendur. Ef loka á einu glerverksmiðjunni í Noregi stefni það öllu kerfinu í hættu.

Með hliðsjón af 3. mgr. í lið 15.4.3. í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni undanþágu frá umhverfissköttum, ef slíkt er nauðsynlegt til þess að veða upp á móti skertri samkeppnishæfni vegna slíkra skatta og með hliðsjón af spurningu stofnunarinnar um hvort samkeppnisstöðu hafi í raun hrakað þá telja norsk yfirvöld að það verði að líta á skerta samkeppnishæfni PLM Moss Glassverk A/S í víðara samhengi. Í samræmi við upphaflega tilkynningu þeirra og frekari

⁽¹⁵⁾ Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar, samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994.

⁽¹⁶⁾ Sjá lið I.5 í þessari ákvörðun.

tölfræðilegar upplýsingar síðar telja þau nægilega skjalfest að eftirspurn eftir vörum frá PLM Moss Glassverk A/S hafi verulega minnkað, meðal annars eftir að nýjar vörur (plastflöskur) komu á markaðinn. Staða fyrirtækisins versnaði enn frekar á skömmum tíma eftir að ýmis konar umhverfissköttum var komið á.

Sú staðreynd að grunnskatturinn er ekki lagður á útfluttar vörur þýðir ekki, samkvæmt norskum yfirvöldum, að samkeppnisstaða PLM Moss Glassverk A/S á alþjóðavettvangi hafi ekki orðið fyrir áhrifum. Litið er á grunnskattinn sem hindrun í viðhaldi og uppbyggingu trausts framleiðslugrundvallar innanlands sem talinn er forsenda fyrir samkeppni erlendis. Aðallega er verslað með gler innanlands vegna þess að hve það er ódýrt. Hins vegar er ekki hagkvæmt að flytja það langar leiðir vegna fyrirferðar þess og því ekki við hæfi hér að útlista útflutningsmöguleika með samkeppni í huga. Þó er augljóst, samkvæmt norskum yfirvöldum, að sé litið á málið í víðara samhengi þá hafi samkeppnisstöðu fyrirtækisins hrakað, og staða þess enn versnað vegna áhrifa grunnskattsins.

Að lokum leggja norsk yfirvöld áherslu á, eins og í upphaflegu tilkynningunni, að þegar úrskurðað verður málinu beri að taka mið af erfiðleikum í atvinnumálum í Austfold-fylki, þar sem PLM Moss Glassverk A/S er mikilvægur hluti af iðnaði í Moss, afleiðingunum sem ákvörðunin mun hafa fyrir eina glerframleiðandann í Noregi, svo og óvissuþættinum sem þetta felur í sér fyrir norska kerfið fyrir glerúrgang.

3. Athugasemdir frá hagsmunaaðilum

Beverage Can Makers Europe⁽¹⁷⁾ (BCME) bendir á að Noregur meðhöndli nú þegar endurnotkun og endurvinnslu á ólíkan hátt þar sem grunnskatturinn íþyngi þeim drykkjarvörum sem eru markaðssettar í einnota umbúðum, óháð því hvort flátin eru endurnýtt og þetta sé þeim mun óhagstæðara þar sem umhverfisskattur er að auki lagður á endurnýtanleg flát og sundurgreinist hann eftir endurvinnslueiginleikum þeirra. Fyrirhuguð aðstoð myndi því mismuna dósnum undir drykkjarvörur enn frekar og jafnframt gera endurvinnsluferfið fyrir gler hagstæðara án þess að auðvelda endurvinnslu á öðrum ytri umbúðum með því að veita samsvarandi undanþágu. BCME telur að fyrirhuguð aðstoð sé óraunhæf þar sem hún ógni eðlilegri samkeppni og stuðli þar með að viðskiptahindrunum.

Elopak A/S og Tetra Pak A/S⁽¹⁸⁾ telja að ekki ætti að leyfa fyrirhugaða skattundanþágu fyrir einnota glerumbúðir vegna þess að það myndi mismuna öðrum gerðum umbúða fyrir drykkjarvörur og þar með brjóta í bága við efni og markmið EES-samningsins. Grunnskatturinn sem slíkur stríði því gegn EES-samningnum og ekki sé unnt að réttlæta hann með rökum sem byggjast á umhverfissjónarmiðum. Enn fremur telja þau að grunnskatturinn sé sérstaklega óhagstæður pappaubúðum fyrir drykkjarvörur þar sem meira en 2/3 af umbúðavörum sem þessi

skattur er nú lagður á sé úr þessum flokki. Samkvæmt þessum fyrirtækjum staðfesta margvíslegar lífsferlisgreiningar að pappaubúðir fyrir drykkjarvörur séu umhverfisvænni en aðrar gerðir af umbúðum fyrir drykkjarvörur og er þá einnig tekið mið af margnota umbúðum fyrir drykkjarvörur eins og mjólk og safa. Þau benda á að fyrirtæki sem annast framleiðslu eða áfyllingu á pappaubúðir í Noregi hafa nú einnig komið á söfnunar- og endurnýtingarkerfi, sem fjármagnað er af iðnaðinum, Norsk Returkartong a/s sem leysir vandamál vegna úrgangs frá drykkjarumbúðum úr pappu.

Skattundanþága fyrir glerumbúðir gæti haft verulega neikvæð áhrif á sölu og notkun pappaubúða fyrir drykkjarvörur, þar sem glerflöskur eru líklegastar til að koma í staðinn fyrir pappaubúðir fyrir safa. Mismunurinn sem nemur 0,70 NOK fyrir hverja einingu í þágu glerflaskna getur auðveldlega leitt til breytinga á eftirspurn eftir umbúðum fyrir safa. Þar sem einnota glerflöskur eru verulega þyngri (10 til 30 sinnum) en pappi, þá myndu vandræði vegna úrgangs aukast verulega við slíkar breytingar þrátt fyrir hátt skilahlutfall. Afleiðingarnar myndu því verða allt aðrar en þær sem grunnskattur norskra stjórnvalda miðaði að.

Elopak A/S og Tetra Pak A/S telja að tölfræðilegar upplýsingar sem norsk stjórnvöld lögðu fram séu úreltar. Hefðu tölur frá 1994 verið lagðar fram hefðu þær samkvæmt félögunum sýnt aukningu í notkun einnota umbúða í kjölfar góðrar sölu á nýjum drykkjum svo sem Snapple og Fruitopia, sem báðir eru seldir í einnota glerflöskum.

Prosess og foredlingsindustriens Landsforening (PIL)⁽¹⁹⁾ heldur því helst fram að ekki sé ekki hægt að réttlæta skattastefnu sem mismunar ólíkum eignum fyrir drykkjarvöruumbúðir með rökum sem vísa til umhverfisverndar. PIL hefur nýlega⁽²⁰⁾ í samvinnu við önnur iðnsamtök gert samninga⁽²¹⁾ við umhverfis- og iðnaðarráðuneytið um að stuðla að aukinni endurvinnslu úrgangs. Samningarnir varða skilafyrirkomulag sem fjármagnað verður með einkaframlögum sem iðnaðurinn mun sjálfur reiða fram. PIL telur að núverandi skattkerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir hindri tilkomu endurvinnslukerfis fyrir allt umbúðaefni fyrir drykkjarvörur sem sé í samræmi við kerfi fyrir annan umbúðaúrgang og samrýmist að meginreglu til ekki samningunum sem um getur hér að framan.

Norges Dagligvarehandels Forbund (DF)⁽²²⁾ bendir á erfiðleika birgja er annast afhendingu á vörum til heimilisþarfa við að koma á skilakerfi fyrir gler, málm- og PET-úrgang vegna norska skattkerfisins fyrir umbúðir fyrir drykkjarvörur. Vísað er til

⁽¹⁷⁾ Beverage Can Makers Europe, stofnsett 1990, eru fulltrúasamtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, framleiðenda í Evrópu sem framleiða dósir undir drykkjarvörur.

⁽¹⁸⁾ Elopak A/S og Tetra Pak A/S eru norskir framleiðendur umbúðavara fyrir drykkjarvörur, aðallega úr pappu.

⁽¹⁹⁾ Í Prosess- og foredlingsindustriens Landsforening eru flestir norskir framleiðendur drykkjarvöruumbúða, þar með talið fyrirtækið PLM Moss Glassverk A/S.

⁽²⁰⁾ Samningarnir voru gerðir 14. september 1995.

⁽²¹⁾ Samningarnir kveða á um markmið fyrir söfnun/endurvinnslu á plasti, málm, pappu, og brúnum pappír.

⁽²²⁾ Norsk samtök birgja sem sjá um útvegum almennra verslunarvara til heimilisnota.

svonefndrar „Resirk-samstæðu“⁽²³⁾ sem DF er aðili að. Samstæðan hefur lagt fram umsókn til norskra mengunaryfirvalda (SFT)⁽²⁴⁾ um að koma á skilakerfi fyrir einnota umbúðir. Vera má að SFT samþykki þetta skilakerfi fyrir umbúðaúrgang. Þó verður áfram lagður skattur sem nemur 1,30 NOK á hverja einingu, auk virðisaukaskatts á drykkjarvörur í einnota umbúðum. DF telur að skattkerfið fyrir drykkjarvöruumbúðir dragi úr efnahagslegum ávinningi af „Resirk“-kerfinu, og að þetta hafi í för með sér að norska skattkerfið fyrir drykkjarvöruumbúðir meðhöndli innlendar vörur á annan hátt en innfluttar og raski þar með samkeppni.

Norsk stjórnvöld gerðu engar sérstakar athugasemdir við framannefndar athugasemdir.

III. MAT

Fyrirhuguð aðgerð felur í sér ríkisaðstoð

Með tilkynningu frá 20. janúar 1995 uppfylltu norsk stjórnvöld skyldu sína samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn um að tilkynna áform um að veita eða breyta aðstoð.

Þar sem aðstoðin verður í formi undanþágu frá skatti sem lagður er á af norskum stjórnvöldum skal hún veitt af ríkinu af ríkisfé. Þrátt fyrir að undanþágan frá grunnskattinum á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur muni gilda bæði fyrir innlendar og innfluttar vörur, en ekki aðeins fyrir vörur eina norska glerumbúða-framleiðandans, þ.e. PLM Moss Glassverk A/S, á kostnað annarra glerumbúðaframleiðenda innan EES, er samt unnt að telja þessar ráðstafanir til ríkisaðstoðar. Undanþága fyrir glerlát frá grunnskattinum á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur mun fyrst og fremst vera PLM Moss Glassverk A/S til hagsbóta þar sem fyrirtækið er helsti framleiðandi glerumbúða á norska markaðinum. Fyrirtækið mun njóta hagnaðar vegna eftirgjafar á grunnskatti á framleiðslu þess á einnota glerlát fyrir drykkjarvörur. Annar efnahagslegur ábati frá skattundanþágu fyrir glerumbúðir mun líklega dreifast á fjölda framleiðenda glerumbúða eða aðra aðila á drykkjarvörumarkaðinum. En þar sem PLM Moss Glassverk A/S á í raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni við fyrirtæki innan EES sem framleiða annað umbúðaefni, sem getur komið í stað glers, kann aðstoðin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti innan samningssvæðis EES. Því er niðurstaðan sú að fyrirhugaðar ráðstafanir heyri til aðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Hagsmunaaðilar og norsk yfirvöld hafa staðfest þessa niðurstöðu með athugasemdum sem þau hafa sent stofnuninni.

Undanþága frá almenna banninu við ríkisaðstoð

Þegar stofnunin kannaði hvort hefja ætti málsmeðferð tók hún til greina hvort unnt væri að beita einhverju undanþáguákvæðanna í 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þannig að hægt yrði að undanþiggja aðstoðina almenna banninu í 1. mgr. 61. gr. Komist var að þeirri niðurstöðu að a- til c-liðar 2. mgr. 61. gr. og a-, b- og d-liður 3. mgr. 61. gr. giltu ekki í þessu tilviki.

⁽²³⁾ „Resirk-samstæðan“ er mynduð af fulltrúum úr smásöluverslun og meðal annars framleiðendum á öli og ölkelduvatni.

⁽²⁴⁾ Statens forurensningstilsyn.

Í tilkynningunni og athugasemdunum frá norskum yfirvöldum er áhersla lögð á erfiðleika í iðnaði og atvinnumálum í Austfold-fylki þar sem fyrirtækið er mikilvægur hluti af iðnaði í Moss, og eru þetta frekari rök fyrir áformaðri aðstoð. Eftirlitsstofnunin telur að ákvæði a- og c-liðar 3. mgr. 61. gr. um svæðaaðstoð gildi ekki í þessu tilviki þar sem Austfold-fylki er ekki á kortinu yfir svæði⁽²⁵⁾ sem koma til greina vegna svæðaaðstoðar og norsk yfirvöld hafa ekki lagt til neinar breytingar á fyrirliggjandi korti yfir svæði sem njóta aðstoðar og ekki er um að ræða aðstoð samkvæmt almennu kerfi um svæðaaðstoð.

Í tilkynningunni og athugasemdunum sem Noregur sendi stofnuninni á meðan rannsókn fór fram er einkum leitast við að réttlæta fyrirhugaða aðstoð með því að skírskota til nauðsynjar þess að losa PLM Moss Glassverk A/S undan neikvæðum fjárhagslegum afleiðingum grunnskattsins á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur til að tryggja norska endurvinnsluferfið fyrir glerúrgang. Því, og í samræmi við ákvörðunina um að hefja rannsókn ,er c-liður 3. mgr. 61. gr., að svo miklu leyti sem hann kveður á um möguleikann á að heimila „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins ... enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“, einkum í tengslum við reglurnar um aðstoð á sviði umhverfisverndar eins og um getur í 15. kafla leiðbeininganna á sviði ríkisaðstoðar, talinn eina undanþáguákvæðið sem skiptir máli við athugun á fyrirhugaðri aðstoð.

Til að unnt sé að beita einhverju þessara undanþáguákvæða mega ráðstafanirnar ekki vera í andstöðu við önnur ákvæði EES-samningsins, svo sem ákvæði er varða frjálsa vöruflutninga.

Aðstoð myndi fyrst og fremst bæta fjárhagsafkomu PLM Moss Glassverk A/S og/eða gera fyrirtækinu kleift að öðlast herra markaðshlutfall á umbúðamarkaðinum. Aðstoðin myndi ekki tengjast upphaflegri fjárfestingu, sköpun nýrra starfa eða öðrum tímabundnum verkefnum og myndi því teljast til rekstraraðstoðar.

Rekstraraðstoð með hliðsjón af umhverfismálum

Samkvæmt 1. mgr. í lið 15.4.3. í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar mun eftirlitsstofnun EFTA almennt ekki samþykkja rekstraraðstoð sem veltir af fyrirtækjum kostnaði er hlýst af mengun eða hávaða er þau valda. Þó er stofnuninni heimilt að gera undantekningu frá þessari meginreglu undir ákveðnum, vel skilgreindum kringumstæðum. Framkvæmdastjórn EB hefur gert slíkt hvað varðar eftirlit með úrgangi og eftirgjöf á umhverfissköttum. Slíkt tilvik eru skoðuð hvert fyrir sig og í ljósi þeirra ströngu skilyrða sem gilda á þeim tveimur sviðum er hér var getið. Þau skilyrði eru að aðstoðin:

- 1) feli aðeins í sér bætur vegna framleiðslukostnaðar sem er umfram hefðbundinn kostnað,
 - 2) sé tímabundin og fari stíglækkandi þannig að hún virki sem hvatning til að draga úr mengun eða að komið verði á, fyrr en ella hefði verið, skilvirkari aðferð hvað varðar nýtingu framleiðsluþátta,
- ⁽²⁵⁾ Ákvörðun frá 16. nóvember 1994 um kort yfir svæði í Noregi sem njóta stuðnings (Stjtið. EB nr C 14, 19. 1. 1995, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 1/95, 19. 1. 1995, bls. 1)

- 3) fari ekki í bága við önnur ákvæði EES-samningsins, sérstaklega þau sem varða frjálsa vöruflutninga og þjónustustarfsemi.

Hvað varðar fyrsta skilyrðið af þeim þremur sem hér að framan greinir tekur stofnunin fram að áformuð eftirgjöf sé ætluð til að veða upp á móti umframkostnaði sem grunnskatturinn hefur í för með sér við framleiðslu á drykkjarvörum í einnota glerumbúðum. Því virðist fyrirhuguð aðstoð uppfylla fyrsta skilyrðið.

Hvað varðar annað skilyrðið hafa norsk stjórnvöld skuldbundið sig til að „fylgjast gaumgæfilega með þróuninni á markaðinum fyrir endurnýtanlegt gler og ef nauðsyn krefur að undanþiggja endurnýtanlegt gler frá grunnskattinum“. Stofnunin telur að þessi skuldbinding nægi ekki til að takmarka stuðningstímabilið og því myndi aðstoðin ekki vera tímabundin. Enn fremur fer hún ekki stíglækkandi og gæti jafnvel aukist með tímanum ef grunnskatturinn, sem veitt er eftirgjöf frá, hækkar. Þar af leiðandi er öðru skilyrðinu fyrir að heimila rekstraraðstoð ekki fullnægt.

Hvað varðar þriðja skilyrðið telur stofnunin að tillagan um að undanþiggja gler frá grunnskattinum myndi leiða til þess að skattaálgömur, og þá er átt við grunnskattinn, á endurnýtanleg ílát úr gleri yrðu aðrar en á önnur endurnýtanleg ílát, t.d. úr PET eða málm. Til grundvallar þessum mismun virðist liggja sú fyrirætlan að gera endurvinnslukerfi fyrir gler arðbært á meðan ekkert er að gert til að auðvelda endurvinnslu á öðru umbúðaefni með því að veita sambærilega undanþágu frá grunngjaldinu. Af þessu má draga þá ályktun að eftirgjöf á grunnskattinum fyrir endurnýtanleg ílát úr gleri leiði af sér mismunandi skattlagningu á sambærilegar eða samkeppnisfærar vörur innanlands. Enn fremur virðist sem sumar umbúðirnar sem grunnskatturinn yrði áfram lagður á, t.d. áldósir, séu mikið notaðar fyrir erlendar vörur á meðan umbúðir sem eru undanþegnar skattinum, vegna þess að þær eru margnota eða vegna undanþágu fyrir endurnýtanlegar glerflöskur frá grunnskattinum, yrðu alla jafna notaðar fyrir innlendar vörur. Því myndi fyrirhuguð undanþága leiða til aukinnar skattálgöngar á tiltekna innfluttar vörur miðað við það sem nú er lagt á sambærilegar eða samkeppnisfærar innlendar vörur.

Athugasemdirnar í undanfarandi málsgrein eru að miklu leyti í samræmi við athugasemdirnar sem hagsmunaaðilar sendu stofnuninni. Athugasemdir frá hagsmunaaðilum benda einnig til þess að grunnskatturinn gæti hindrað tilkomu endurvinnslukerfis fyrir annað umbúðaefni en gler. Athugasemdir frá norskum yfirvöldum fara ekki gegn þessu álit. Stofnunin dregur því þá ályktun að fyrirhuguð undanþága frá grunnskattinum myndi leiða til skattkerfis sem samræmduð ekki 14. gr. í EES-samningnum. Þar af leiðandi er þriðja skilyrðinu ekki fullnægt.

Undanþága frá umhverfissköttum

Samkvæmt 3. mgr. í lið 15.4.3. í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar er hægt að leyfa að nýjum umhverfissköttum sé létt af tímabundið ef það er nauðsynlegt til þess að veða á móti skertri samkeppnishæfni, einkum á alþjóðavettvangi. Í þessu máli

verður að líta á þessa kröfu sem viðbót við frammannefnd skilyrði fyrir rekstraraðstoð á grundvelli umhverfisverndarsjónarmiða.

Núverandi skattur sem farið er fram á undanþágu frá virðist ætlaður til að draga úr notkun einnota drykkjarumbúða af ástæðum er varða umhverfisvernd þar sem norsk yfirvöld veita endurnotkun forgang miðað við endurnýtingu efnis og orkunýtingu sem er í samræmi við regluna um flokkun úrgangs. Óhjákvæmilegar afleiðingar þessa er að framleiðendur og innflytjendur slíkra umbúða munu líða fyrir þennan skatt. Í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn kvað eftirlitsstofnunin upp úr með að svo virtist sem PLM Moss Glassverk A/S ætti, að minnsta kosti að hluta til, að geta bætt fyrir tap á markaðinum fyrir einnota umbúðir vegna þess að aukin eftirspurn er á markaðinum fyrir margnota umbúðir. Enn fremur leggst skatturinn á einnota glerumbúðir á allar slíkar umbúðir hvort sem þær eru framleiddar af PLM Moss Glassverk A/S eða fluttar inn til Noregs. Hins vegar er skatturinn ekki lagður á glerumbúðir sem eru fluttar út frá Noregi. Því hefur skatturinn á einnota glerumbúðir ekki áhrif á samkeppnisstöðu PLM Moss Glassverk A/S á alþjóðavettvangi.

Norsk yfirvöld halda því fram að líta verði á skerta samkeppnishæfni, einkum á alþjóðavettvangi, í víðara samhengi, þar sem fyrirtækið hafi einnig orðið fyrir tapi vegna innleiðslu annarra umhverfisskatta og dregið hafi úr eftirspurn eftir vörum þess, einkum vegna tilkomu nýrra vara (plastflaskna). Enn fremur fullyrða norsk yfirvöld að þótt skattur sé ekki lagður á útflutningsvörur þýði það ekki að samkeppnishæfni fyrirtækisins á alþjóðavettvangi hafi ekki orðið fyrir áhrifum, þar sem augljóst sé að fyrirtækið hafi orðið fyrir tapi og að grunnskatturinn sé hindrun í að koma á og viðhalda nægilegum innlendum framleiðslugrundvelli.

Stofnunin dregur í meginatriðum ekki í efa að ákveðinn innlendir framleiðslugrundvöllur kunni að vera forsenda fyrir samkeppni á alþjóðavettvangi. Þó hafa norsk yfirvöld ekki lagt fram neinar tölur um það viðbótartap sem fyrirtækið hefur orðið fyrir vegna annarra umhverfisskatta en grunnskattsins. Stofnunin dregur ekki í efa að fyrirtækið hafi orðið fyrir tapi vegna tilkomu grunnskattsins. Það er augljós afleiðing af fyrirhuguðum áhrifum grunnskattsins, þ.e. draga úr eftirspurn eftir öllum einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur, óháð efninu sem er notað í þær. Fyrirtækið getur þó ekki hagnast af undanþágu frá grunnskattinum nema með því að koma til móts við aukna eftirspurn eftir einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur eða með því að þróa nýjar einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, sem í sjálfu sér myndi stríða gegn norskum fyrirmyndinni fyrir flokkun úrgangs. Enn fremur hafa norsk yfirvöld ekki lagt fram nein gögn sem sanna að glerumbúðir hafi síður skaðleg áhrif á umhverfið en aðrar umbúðavörur. Því dregur stofnunin þá ályktun að skert samkeppnishæfni fyrirtækisins sé fyrst og fremst til komin vegna innra skipulags í kjölfar samkeppni frá öðrum vörum á markaðinum sem komi í staðinn fyrir vörum þess. Þar af leiðandi er þessu viðbótarskilyrði fyrir eftirgjöf frá umhverfissköttum ekki heldur fullnægt.

Niðurstaða

Í ljósi þeirra raka sem um getur hér að framan, óháð endanlegri niðurstöðu rannsóknar stofnunarinnar um hvort grunnskatturinn samrýmist 14. gr. EES-samningsins, er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að fyrirhuguð aðstoð uppfylli ekki skilyrðin fyrir undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. fyrir „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins ... enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“. Noregur getur því ekki hrint áformuðum ráðstöfunum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að heimila ekki tilkynnta aðstoð til PLM Moss Glassverk A/S í formi undanþágu fyrir glerumbúðir frá gunnskattinum á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur (aðstoð nr. 95-002).
2. Norskum stjórnvöldum er óheimilt að hrinda fyrirhuguðum ráðstöfunum, sem um getur í 1. gr. hér að framan, í framkvæmd.
3. Eintak af ákvörðuninni hefur verið sent EB-framkvæmdastjórninni í upplýsingaskyni í samræmi við d-lið í bókun 27 í EES-samningnum.
4. Öðrum EFTA-ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum, EB-aðildarríkjum og hagsmunaaðilum er tilkynnt um málið með birtingu ákvörðunarinnar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.
5. Þessari ákvörðun sem telst fullgild á ensku er beint til Noregs.

Gjört í Brussel 31. október 1995.

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Knut Almestad

forseti

Björn Friðfinnsson

stjórnarmaður

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA NR. 124/95/COL 96/EES/23/08

frá 6. desember 1995

um sjöttu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA,

hefur gert eftirfarandi breytingar á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“⁽¹⁾, sem voru samþykktar 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 9. júní 1995⁽³⁾:

Í stað 6. kafla í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar komi eftirfarandi:

„6. SÉRÁKVÆÐI UM AÐSTOÐ SEM ER ÓLÖGLEG VEGNA BROTA Á MÁLSMEÐFERÐARREGLUM

- 1) Fyrir utan sérákvæðin sem tilgreind eru hér á eftir fer málsmeðferð að því er varðar ólöglega aðstoð vegna brota á málsmeðferðarreglum eftir sömu reglum og gilda um tilkynningar.

6.1. HUGTAKIÐ ÓLÖGLEG AÐSTOÐ VEGNA BROTA Á MÁLSMEÐFERÐARREGLUM

1. Þar sem hugtakið „aðstoð sem ekki er tilkynnt“ er of þröngt til að taka til allrar aðstoðar sem veitt er í andstöðu við síðasta málslið 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól hefur eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að nota hugtakið „ólögleg aðstoð vegna brota á málsmeðferðarreglum“ (hér á eftir vísað til sem „ólöglegar aðstoðar“).

Hugtak þetta tekur til:

- a) aðstoðar sem veitt er án tilkynningar,
- b) aðstoðar sem veitt er með því að beita viðurkenndri aðstoðaráætlun ranglega (aðstoð „sem er misnotuð“ í skilningi 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól),
- c) aðstoðar sem tilkynnt er seint, þ.e. tilkynnt eftir að henni hefur verið komið í framkvæmd, og

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna á sviði ríkisaðstoðar.

⁽²⁾ Stjttð. EB nr. L 231, 3. 9. 1994 bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttð. EB nr. L 175, 27. 7. 1995, bls. 59 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 27, 27. 7. 1995, bls. 1.

⁽⁴⁾ Sjá lið 3.3. um túlkun á „koma í framkvæmd“.

- d) aðstoðar sem tilkynnt er fyrirfram en er komið í framkvæmd áður en eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun⁽⁴⁾.

6.2. BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

- 1) Þegar eftirlitsstofnun EFTA verður þess áskynja að tiltekin aðstoð kunnir að vera ólögleg biður hún viðkomandi EFTA-ríki að veita allar upplýsingar um málið, alla jafna innan 20 virkra daga. Þetta er jafnlangur frestur og venjulega er veittur þegar farið er fram á viðbótarupplýsingar um aðstoð sem hefur verið tilkynnt (sjá 2. mgr. í lið 3.2.4.). Ítrekun verður send ef nauðsyn krefur.
- 2) Minnt er á að eftirlitsstofnun EFTA hefur vald til að aðhafast frekar og taka ákvörðun á grundvelli tiltækra upplýsinga (sjá 3. mgr. í lið 5.4.), jafnvel þótt engin gögn hafi borist frá viðkomandi EFTA-ríki.

6.2.1. Lögbann („bráðabirgðaaðgerðir“)

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA getur með bráðabirgðaaðkvörðun beðið EFTA-ríki að hætta tímabundið greiðslu aðstoðar á meðan beðið er eftir niðurstöðu rannsóknar.⁽⁵⁾ Málsmeðferðin er sem hér segir:
- 2) Þegar eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að aðstoð sé ólöglega veitt verður hún að gefa viðkomandi EFTA-ríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri áður en hún tekur ákvörðun um að skylda það til að hætta þegar í stað greiðslu aðstoðar á meðan beðið er niðurstöður rannsóknar.⁽⁶⁾
- 3) Eftirlitsstofnunin telur að í sumum tilvikum muni krafa um að hætta aðstoð sem veitt hefur verið ólöglega ekki vera nógu áhrifamikil þar sem hún vegi ekki alltaf upp á móti hugsanlegu broti á málsmeðferðarreglum, einkum ef öll aðstoðin eða hluti hennar hefur þegar verið innt af hendi. Stofnunin myndi því tilkynna EFTA-ríkjunum að í vissum tilvikum kunnir hún - eftir að hafa gefið EFTA-ríkjunum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri og íhuga þann möguleika að veita björgunaraðstoð eins og skilgreint

⁽⁵⁾ Sjá dómstól EB, 14. 2. 1990, mál C-301/87, Frakkland gegn framkvæmdastjórninni (1990) dómásafn I-307 (19.-20. mgr.).

⁽⁶⁾ Sama, 356 (19. mgr.).

er í 16. kafla þessara leiðbeininga - að samþykka bráðabirgðaákvörðun þar sem EFTA-ríkinu er fyrirskipað að krefjast endurgreiðslu á öllu því fé sem veitt hefur verið andstætt málsmeðferðarreglum. Síðan yrði að endurheimta aðstoðina í samræmi við 2 og 3. mgr. í lið 6.2.3 í þessum leiðbeiningum⁽⁷⁾.

- 4) Ef EFTA-ríki hættir ekki greiðslu aðstoðar eða endurheimtir ekki aðstoð getur eftirlitsstofnun EFTA vísað málinu beint til EFTA-dómstólsins, meðan athugun fer fram á efnisatriðum málsins, og óskað eftir yfirlýsingu þess efnis að slíkar greiðslur feli í sér brot á samningnum⁽⁸⁾.

6.2.2. Tilhögun málareksturs

- 1) Í málum er varða ólöglega aðstoð gerir eftirlitsstofnun EFTA sér far um að taka ákvörðun innan tveggja mánaða frá því að allar upplýsingar liggja fyrir.
- 2) Ef eftirlitsstofnun EFTA kemst að því við mat á aðstoð sem er ólögleg vegna brots á málsmeðferðarreglum að aðstoðin sé efnislega í samræmi við framkvæmd EES-samningsins ber henni skylda til að taka jákvæða afstöðu á grundvelli efnisatriða málsins.

6.2.3. Krafa um endurgreiðslu

- 1) Þegar um er að ræða neikvæðar ákvarðanir í málum er varða ólöglega aðstoð mun eftirlitsstofnun EFTA alla jafna fyrirskipa að EFTA-ríki krefjist þess að móttakandi endurgreiði aðstoðina⁽⁹⁾.
- 2) Endurgreiðsla skal fara fram samkvæmt innlendum lögum, og eru þar með talin ákvæði um dráttarvexti á skuldum til ríkisins sem skulu almennt reiknast frá þeim degi sem hin ólöglega aðstoð var veitt. Ákvæðum landsréttar verður að beita á þann veg að endurgreiðsla verði ekki í reynd óframkvæmanleg⁽¹⁰⁾.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA telur að til þess að koma aftur á óbreyttu ástandi séu markaðsveitir viðeigandi mælikvarði á þann hagnað sem móttakandi aðstoðar naut ranglega. Því tilkynnir stofnunin EFTA-ríkjunum að þegar hún tekur

ákvörðun um að fyrirskipa endurgreiðslu á aðstoð sem veitt var ólöglega muni hún nota viðmiðunarvextina, sem notaðir voru við útreikning á núvirði svæðaaðstoðar⁽¹¹⁾, sem grundvöll fyrir markaðsveitina⁽¹²⁾."

Í stað 18. kafla í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar komi eftirfarandi:

„18. Aðstoð vegna atvinnumála⁽¹³⁾“

18.1. INNGANGUR

- 1) Viðvarandi atvinnuleysi á óásættanlega háu stigi er enn meðal helstu efnahagslegra og félagslegra vandamála sem flest lönd í Evrópu eiga við að etja. Á nýnda áratugnum var atvinnuleysi mjög lítið í EFTA-ríkjunum miðað við önnur lönd í Evrópu (u.þ.b. 1 til 3% allra vinnufærra manna). Hins vegar jókst atvinnuleysi í Noregi og Íslandi verulega í kjölfar síðasta samdráttarskeiðs og fór upp í allt að 6% í Noregi árið 1993 og 4,7 á Íslandi árið 1994, sem var meira en dæmi höfðu verið um í áratugi. Hins vegar hefur Liechtenstein búið við mjög lítið atvinnuleysi á sama tíma.
- 2) Líkt og í mörgum öðrum ríkjum í Evrópu er nú uppgangur í efnahagslífi EFTA-ríkjanna eftir samdrátt á síðustu árum og atvinnuástand í heild hefur batnað, einkum í Noregi. Óhagstæð atvinnuskilyrði á undanföllum árum hafa eigi að síður einkennst af stórauðni atvinnuleysi ungs fólks og jafnframt langvarandi atvinnuleysi og atvinnuerfiðleikum eldra fólks. Þetta kerfislega atvinnuleysi er viðvarandi vandamál, þó það sé ekki jafn alvarlegt og í flestum öðrum Evrópulöndum, og eru fá tekin á lofti um bata.
- 3) Reynslan í EFTA-ríkjunum og aðildarríkjum EB bendir alla jafna til þess að fólk sem einu sinni missir vinnuna megi búast við að það taki tiltölulega langan tíma að finna aftur nýtt starf vegna þess að það er ekki jafn gjaldgengt í störf og áður. Þetta fyrirbæri er orsökinn fyrir óeðlilega miklu langvarandi atvinnuleysi í Evrópu (yfir 40% af heildaratvinnuleysi), sem leiðir af sér að sífellt fleiri búa við félagslega einangrun.
- 4) Ætla má að aukin umsvif í efnahagslífinu ýti undir að ný störf verði sköpuð á komandi árum. Þó kann þessi þróun að vera það hæg að hún megni ekki að draga úr atvinnuleysi svo að viðunandi sé í félagslegu tilliti. Nú er viðurkennt að kerfislægur ástæður liggja að baki varanlegs og mikils
- ⁽¹¹⁾ Sjá f-lið. 3. mgr. í lið 27 í þessum leiðbeiningum.
- ⁽¹²⁾ Þessi málsgrein samsvarar bréfi framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna frá 22. 2. 1995 (SG(95) D/1983).
- ⁽¹³⁾ Þessi kafli samsvarar leiðbeiningunum um aðstoð vegna atvinnumála sem framkvæmdastjórnin samþykkti þann 19. júlí 1995 (Stjttíð. EB nr. C 334 frá 12. 12. 1995, bls. 4).

⁽⁷⁾ Þessi málsgrein samsvarar bréfi framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna frá 30. 4. 1995 (Stjttíð. EB nr. C 156/5 frá 22. 6. 1995).⁽⁸⁾ Sama, 357 (23. mgr.).

⁽⁹⁾ Fyrst nefnt af dómstóli EB, 12. 7. 1973, mál 70/72, framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi (1973) dómasafn 813, 828-829 (10.-13. mgr.); sjá einnig dómstól EB, 21. 3. 1990, mál C-142/87, Belgía gegn framkvæmdastjórninni (1990) dómasafn I-959, 1020 (65.-66. mgr.) og dómstól EB, 24. 2. 1987, mál 310/85, Deufl gegn framkvæmdastjórninni (1987) dómasafn 901, 927 (24. mgr.).

⁽¹⁰⁾ Sjá dómstól EB, 21. 3. 1990, mál C-142/87, Belgía gegn framkvæmdastjórninni (1990) dómasafn I-959, 1018-1020 (58.-63. mgr.); sjá einnig dómstól EB 20. 9. 1990, mál 5/89, framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi (1990) dómasafn I-3437, 3456 (12. mgr.); dómstól EB, 21. 2. 1990, mál C-74/89, framkvæmdastjórnin gegn Belgíu (1990) dómasafn I-491; og dómstól EB, 2. 2. 1989, mál 94/1987, framkvæmdastjórnin gegn Þýskalandi (1989) dómasafn 175, 192 (12. mgr.).

- atvinnuleysis í Evrópu og þetta ástand kallar á sérstakar ráðstafanir til að bæta aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins.
- 5) Aðildarríki EB og EFTA-ríkin hafa tekið saman tilmæli er varða eftirfarandi fimm forgangsverkefni⁽¹⁴⁾:
- að yta undir fjárfestingar í menntun og starfsþjálfun;
 - að bæta innri og ytri sveigjanleika til þess að meiri atvinnusköpun fylgi hagvexti en ella;
 - að lækka óbeinan launakostnað, einkum með því að lækka beina launaskatta;
 - að auka áhrif virkrar stefnumótunar í atvinnumálum, einkum með því að verja á annan hátt en gert hefur verið opinberum fjárfrahlögum til tekjutrygginga atvinnulausra;
 - að herða á aðgerðum til að auka atvinnu meðal afskiptra hópa á vinnumarkaðinum, svo sem þeirra sem hafa verið lengi atvinnulausir, ungs fólks og eldri starfsmanna.
- 6) Í ljósi þessa, er viðbúið að skatta- og efnahagsaðgerðir skipti miklu máli við að hvetja fyrirtæki til að ráða starfsmenn sem eiga í verulegum erfiðleikum við að komast inn á vinnumarkaðinn. Þótt virkni slíkra aðgerða kunni að vera takmörkuð vegna hliðaráhrifa þeirra á önnur störf eða vegna þess að ný störf hefðu hvort sem er verið sköpuð eru t.d. styrkir á hvert nýtt starf sem skapað er fyrir þann sem hefur verið lengi atvinnulaus og markvissar undanþágur frá greiðslu til almannatrygginga dæmi um aðgerðir sem kunna að draga úr launakostnaði vegna lágtekjuhópa og vegna þannig upp á móti framleiðni undir meðallagi.
- 7) Sams konar ráðstafanir geta einnig reynst fyrirtækjum hvatning til að fjárfesta frekar í starfsþjálfun. Í slíkum tilvikum verður styrkur eða skatteftirgjöf að endurspegla ytri áhrif sem tengjast því að starfsmaður nýti sér nýfengna þekkingu á vinnumarkaðinum.
- 8) Þrátt fyrir að slíkar ráðstafanir miði að því að bæta stöðu starfsmanna á vinnumarkaðinum, verður að viðurkenna að fyrirtækin hagnast einnig, því þær gera þeim kleift að draga úr launakostnaði sínum með þátttöku sinni í framkvæmd skatta- og efnahagstengdra ráðstafana. Þess vegna verður að stíga skref sem tryggja að ráðstafanir til að stuðla að aukinni atvinnu hafi ekki á sama tíma neikvæð áhrif á viðleitni eftirlitsstofnunar EFTA til að draga úr óeðlilegri röskun á samkeppni samkvæmt 61. og 62. gr. í EES-samningnum.
- 9) Markmið þessara leiðbeininga eru ennfremur:
- að skýra hvernig túlka beri 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við ríkisaðstoð á sviði atvinnumála til að tryggja aukið gagnsæi þegar ákvarðanir eru teknar um tilkynnta aðstoð samkvæmt 1. gr. bókunar 3 í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól.
 - að tryggja samræmi milli samkeppnisreglna og framkvæmd aðgerða gegn atvinnuleysi.
 - að skýra hvaða aðferð eftirlitsstofnun EFTA beitir alla jafna þegar hún tekur jákvæða afstöðu til ríkisaðstoðar sem veitt er til að bæta ástandið í atvinnumálum með því að skilgreina mismunandi tegundir aðstoðar og markmiðið með þeim.

18.2. GILDISSVIÐ 1. MGR. 61. GR. Í EES-SAMNINGNUM

- 1) Þessar leiðbeiningar taka eingöngu til aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar sem kveðið er á um að „hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins“. Slíkar ráðstafanir um opinbera aðstoð skal tilkynna fyrirfram til eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, nema þær falli undir regluna um minni háttar aðstoð („lágmarksregluna“). Tilkynningarskyldan gildir bæði um aðstoðaráttlanir og alla aðra sérstaka aðstoð til atvinnumála sem fellur utan samþykktara áttlana.
- 2) Nokkrar stefnumótandi aðgerðir í atvinnumálum falla ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna þess að þær:
- eru aðstoð við einstaklinga sem ívilnar ekki ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, eða
 - hafa ekki áhrif á viðskipti milli samningsaðila, eða
 - eru „almennar“ aðgerðir.

Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða aðgerðir í formi leiðbeininga og ráðgjafar, almenna aðstoð og starfsþjálfun fyrir atvinnulausa (aðstoð við einstaklinga sem ívilnar ekki ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara) og aðstoð sem ætlað er að bæta vinnulöggjöf eða aðlaga menntakerfið (almennar aðgerðir).

⁽¹⁴⁾ Sjá leiðbeiningar og tilmæli í tengslum við Hvítbókina um hagvöxt, samkeppnishæfni og atvinnumál sem samþykkt voru á fundi leiðtoga ráðsins í Essen 1994 svo og sameiginlega yfirlýsingu forseta sameiginlegs fundar fjármála- og efnahagsmálaráðherra Evrópusambandsins og EFTA þann 18. september 1995.

18.2.1. Aðstoð við einstaklinga sem ívilnar ekki ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara

- 1) Aðgerðir til að aðstoða einstaklinga sem hafa ekki það markmið eða þau áhrif að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara eru ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 2) Að svo miklu leyti sem slíkar aðgerðir eiga sjálfkrafa við einstaklinga á grundvelli hlutlægra viðmiða og án þess að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara eru þær ekki ríkisaðstoð ef þeim er ætlað:
 - að bæta einstaklingsbundnar aðstæður starfsmanna á vinnumarkaðinum eða gera þeim kleift að finna starf eða aðlagast félagslega, einkum með starfsþjálfun eða starfsnámi;
 - að auka tekjur ákveðinna starfsmanna;
 - að hvetja til þess að konur séu ráðnar í hefðbundin karlastörf eða einstaklingum úr kynþáttaminnihlutahópum sé útveguð atvinna;
 - að stuðla að hreyfanleika starfsmanna, myndun sjálfstæðrar atvinnustarfsemi eða ráðningu fólks úr ákveðnum starfshópum sem hafa búið við tímabundna erfiðleika í félags- og atvinnulegum skilningi,
 - að stuðla að ráðningu einstaklinga sem líða fyrir líkamlega eða andlega fötlun.

18.2.2. Áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna

- 1) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. í EES-samningnum gilda eingöngu um aðstoð ef hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Því fellur aðstoð vegna atvinnustarfsemi sem felur ekki í sér viðskipti milli samningsaðila (t.d. hverfaþjónusta, staðbundið frumkvæði í atvinnumálum) ekki undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þetta gildi einnig um lágmarksaðstoð⁽¹⁵⁾ sem tekur til flestra tegunda aðstoðar sem miðar að því að efla sjálfstæða atvinnustarfsemi.

18.2.3. Almennar aðgerðir eða ríkisaðstoð

- 1) Það fellur utan þessara leiðbeininga að skýra muninn á almennum aðgerðum og ríkisaðstoð.
- 2) Rétt er að taka fram að fjöldi almennra aðgerða kann að hafa jafnmikil áhrif á samkeppnisáðstæður og viðskipti milli samningsaðila og ríkisaðstoð, en þar sem þessar aðgerðir eru ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins fellur uppræting hugsanlegrar röskunar af völdum slíkra aðgerða ekki undir ákvæði um eftirlit með ríkisaðstoð sem fjallað er um í 61. - 63. gr. í EES-samningnum.

⁽¹⁵⁾ Sjá 12. kafla í þessum leiðbeiningum um beitingu og framkvæmd „lágmarksreglunnar“.

- 3) Stuðlað er að aukinni atvinnu með öðrum aðgerðum svo sem aukinni þjálfun og endurmenntun. Í þessu sambandi kann að vera gagnlegt að geta þess að í mörgum tilvikum teljast styrkir til starfsþjálfunar og endurmenntunar ekki vera ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og að ef slíkar aðgerðir falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. samningsins þá metur eftirlitsstofnun EFTA þær á jákvæðan hátt.
- 4) Sama gildir um aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta vinnuskilyrði.

18.3. RÍKISAÐSTOÐ VEGNA ATVINNUMÁLA

- 1) Hvað varðar umfang þessara leiðbeininga ber að taka sérstaklega fram að aðstoð vegna atvinnumála samkvæmt þessum leiðbeiningar tekur ekki til fjárfestingaraðstoðar.
- 2) Jafnvel í þeim tilvikum þar sem fjárfestingaraðstoð er reiknuð á hvert nýtt starf eða veitt í formi styrks vegna sköpunar nýrra starfa telst hún ekki vera aðstoð vegna atvinnumála í sjálfu sér þar sem hún er ekki beinlínis ætluð til að skapa eða viðhalda störfum. Fjárfestingaraðstoð hefur óbein áhrif í baráttunni við atvinnuleysi þar sem fjárfest er í framleiðslutækjum til að breyta innra skipulagi fyrirtækisins. Tilvísun til nýrra starfa er aðeins ein viðmiðun til að meta aðstoð vegna ákveðinnar fjárfestingar. Með hliðsjón af tilgangi og varanlegum áhrifum á iðnaðaruppbyggingu ber að meðhöndla slíka aðstoð sem hverja aðra fjárfestingaraðstoð og meta með hliðsjón af almennum skilyrðum.

18.3.1. Almennar athugasemdir

- 1) Með því að veita tilteknum fyrirtækjum aðstoð vegna atvinnumála eða framleiðslu á tilteknum vörum eru yfirvöld að taka yfir hluta af launakostnaði þeirra, sem eru annars eðlileg útgjöld sem stofnað var til í þeirra eigin þágu og þar með fá þessi fyrirtæki fjárhagslega ívilnun sem bætir samkeppnisstöðu þeirra. Að svo miklu leyti sem viðkomandi vörur og þjónusta er í samkeppni við vörur og þjónustu fyrirtækja í öðrum ríkjum sem aðild eiga að EES-samningnum er líklegt að slík aðstoð raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila; þar af leiðandi er hún í meginatriðum ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Á hinum innri markaði kann aðstoð sem veitt er til að draga úr launakostnaði að leiða til röskunar á samkeppni innan EES og truflunar á ráðstöfun framleiðsluþátta og hreyfanlegra fjárfestinga með þeim afleiðingum að atvinnuleysi og fyrirtæki færast frá einu landi til annars.

- 2) Eftirlitsstofnun EFTA telur að án strangs eftirlits og skýrra takmarkana geti aðstoð vegna atvinnumála haft skaðlegar þjóðhagfræðilegar afleiðingar sem geri að engu áhrif hennar á atvinnusköpun. Ef aðstoð er beitt til að vernda fyrirtæki sem eiga í samkeppni innan EES getur það leitt til þess að tefja fyrir breytingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar. Einnig verður að tryggja að veiting ríkisaðstoðar leiði ekki til stighækkandi styrkveitinga sem geri aðstoð gagnlausa og hafi í för með sér sóun á almannafé. Að lokum er hættan sú að ef aðstoð er veitt eftirlitslaust geti hún einfaldlega leitt til atvinnuleysis annars staðar án þess að atvinnuvandamál séu leyst á því svæði sem EES-samningurinn tekur til og myndi því raska samkeppni í slíkum mæli að það færi gegn framkvæmd EES-samningsins.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið jákvæða afstöðu gagnvart aðstoð vegna atvinnumála, einkum ef hún miðar að því að hvetja fyrirtæki til að skapa ný störf eða ráða til sín einstaklinga sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að finna sér starf. Þessi afstaða réttlætist af minni afkastagetu þessara starfsmanna sem aftur dregur úr fjárhagslegum ávinningi fyrirtækjanna og þeirri staðreynd að starfsmenn njóta einnig góðs af aðgerðunum því ef vinnuveitendur fengju ekki slíkan styrk myndu þeir líklega vera útlökadír frá vinnumarkaðinum. Þessar leiðbeiningar styðja þetta sjónarmið.

18.3.2. Tegundir aðstoðar

- 1) Í aðildarríkjum EB og í EFTA-ríkjunum er aðstoð alla jafna í formi styrkveitinga (eingreiðslu eða mánaðarlegra greiðslna) og undanþágu fyrir tiltekin fyrirtæki frá almannatryggingagreiðslum eða tilteknum sköttum. Í sumum tilvikum eru ólíkar tegundir aðstoðar samtengdar.

18.3.3. Tegundir aðstoðar vegna atvinnumála

- 1) Hugtökin aðstoð til að viðhalda störfum og aðstoð til að skapa ný störf þarfnast útskýringar því þau eru sérstaklega mikilvæg þegar metið er hvort aðstoðin samræmist framkvæmd EES-samningsins.
- 2) Aðstoð til að viðhalda störfum merkir aðstoð við fyrirtæki til að telja það á að segja ekki upp starfsmönnum sínum. Í slíkum tilvikum er styrkur alla jafna reiknaður út á grundvelli fjölda starfsmanna á þeim tíma þegar aðstoð er veitt.
- 3) Aðstoð til að skapa ný störf merkir aftur á móti að útvega starfsmönnum, sem hafa aldrei verið í vinnu eða misst vinnuna, starf og er reiknuð út á grundvelli fjölda nýrra starfa sem sköpuð eru. Rétt er að taka fram að sköpun nýrra starfa þýðir hrein sköpun nýrra starfa, þ.e. fjölgun starfsmanna miðað við (meðaltals)fjölda starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki (á tilteknu tímabili). Með því

einfaldlega að skipta út starfsmanni án þess að bæta við starfskrafti, og því án þess að skapa ný störf, er ekki verið að stuðla að raunverulegri atvinnusköpun.

- 4) Eitt form atvinnusköpunar, óalgengt vegna þess að það leiðir ekki til aukningar vinnustunda í fyrirtækinu, er skipting starfa, þ.e. heildarvinnutíma er útdelt milli fleiri starfsmanna sem þýðir samsvarandi skemmri vinnutíma fyrir hvern og einn.

18.4. BEITING UNÐANÞÁGUÁKVÆÐANNA Í 2. OG 3. MGR. 61. GR. EES-SAMNINGSINS

- 1) Ef aðstoð til að stuðla að aukinni atvinnu varðar bannið sem kveðið er á um í 1. mgr. 61. gr. í EES-samningnum verður að kanna hvort eitthvert undanþáguákvæðanna í 2. og 3. mgr. 61. gr. réttlæti hana. Hér verður að gera greinarmun á aðstoð sem skapar ný störf og aðstoð til að tryggja þau störf sem fyrir eru.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA lítur alla jafna aðstoð sem ætluð er til atvinnusköpunar jákvæðum augum. Þrátt fyrir að slík aðstoð kunni að hafa óæskileg áhrif á samkeppni innan EES leiðir hún til þess að hagvexti fylgir meiri atvinnusköpun en ella. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til beitingar sérstakra reglna sem gilda fyrir tilteknar iðngreinar og svo fremi að upphæð aðstoðar á hvern starfsmann sé réttlætt og sé ekki of hátt hlutfall af framleiðslukostnaði fyrirtækisins er því hægt að draga þá ályktun að þegar fyrirtæki gerir slíkt átak sé alla jafna unnt að veita undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. vegna aðstoðarinnar þar sem hún stuðli að því að auðvelda þróun tiltekinna atvinnugreina, að því tilskildu að það hafi ekki neikvæð áhrif á viðskiptaskilyrði þannig að stríð gegn framkvæmd EES-samningsins.
- 3) Við mat á aðstoð vegna atvinnumála mun eftirlitsstofnun EFTA styðjast við eftirfarandi viðmið:
- Hún mun taka jákvæða afstöðu gagnvart aðstoð til þess að skapa ný störf í LMF⁽¹⁶⁾ og í héruðum sem koma til greina vegna byggðaaðstoðar⁽¹⁷⁾. Þar að auki mun hún einnig taka jákvæða afstöðu til aðstoðar við fyrirtæki til að hvetja þau til að ráða í vinnu fólk úr tilteknum hópum sem eiga í sérstökum erfiðleikum við að komast inn á vinnumarkaðinn annað hvort í fyrsta sinn eða eftir að hafa misst vinnuna. Í síðarnefnda tilvikinu er engin þörf á hreinni atvinnusköpun, svo fremi að störf losni vegna þess að fólk fer af sjálfdáðum, en ekki vegna uppsagnar.
 - Hún mun einnig vera jákvæð gagnvart aðstoð sem miðar að skiptingu starfa sem felur í sér að heildarvinnu í fyrirtæki er jafnað niður á fleiri stöður með styttri vinnutíma þannig að fleirum gefst kostur á starfi (hugsanlega hlutastarfi).

⁽¹⁶⁾ Sjá skilgreiningu á LMF í 10. kafla þessara leiðbeininga um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki.

⁽¹⁷⁾ Sjá VI. hluta þessara leiðbeininga.

- Áður en stofnunin tekur jákvæða afstöðu varðandi aðstoð á framantöldum sviðum mun hún einnig athuga ákvæði starfssamnings, einkum með hliðsjón af þeirri skuldbindingu að ráða starfsmenn ótímabundið og að viðhalda nýjum störfum í lágmarkstíma, en þessi skilyrði tryggja stöðugleika nýs starfs. Einnig verður tekið mið af öllum frekari tryggingum fyrir að nýtt starf verði varanlegt, einkum skilyrðum fyrir greiðslu aðstoðarinnar.
 - Eftirlitsstofnun EFTA mun tryggja að aðstoðin fari ekki yfir þau mörk sem nauðsynleg eru til að hvetja til atvinnusköpunar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til hvers konar erfiðleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki standa frammi fyrir og/eða óhagstæðra skilyrða sem hafa áhrif á viðkomandi svæði. Aðstoðin skal vera tímabundin.
 - Ef sköpun nýrra starfa sem aðstoð er veitt fyrir tengist þjálfun eða endurþjálfun viðkomandi starfsmanna mun slíkt ýta verulega undir jákvætt mat af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA.
- 4) Aðstoð til að tryggja fyrirliggjandi störf, sem er sambærileg rekstrarástoð, mun einungis verða leyfð að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- Leyfa má slíka aðstoð ef hún, í samræmi við b-lið 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins, er ætluð til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða. Við sérstakar aðstæður er einnig heimilt að samþykkja aðstoð til að viðhalda störfum á svæðum sem undanþáguákvæði í a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins eiga við um, ef hún er veitt til að efla hagvöxt á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi alvarlegt⁽¹⁸⁾.
 - Ef aðstoð til að viðhalda störfum er veitt sem hluti af björgunar-, endurskipulagningar- eða umbótaáætlun fyrir fyrirtæki sem á í verulegum erfiðleikum skal slíkt tilkynnt og metið með hliðsjón af leiðbeiningum eftirlitsstofnunar EFTA þar að lútandi⁽¹⁹⁾.

Að sjálfsgöðu varða þessar ástæður eingöngu aðstoð til að viðhalda störfum og er EFTA-ríkjunum frjálst að gera hvaða ráðstafanir sem er til að tryggja að atvinnuástandi sé viðhaldið með almennum aðgerðum, t.d. almennum lækkunum á sköttum og framlögum fyrirtækja til almanna-trygginga.

- 5) Aðstoð vegna atvinnusköpunar sem er takmörkuð við eina eða fleiri atvinnugreinar, sem háðar eru sérstökum atvinnugreinaeðlum og búa við of mikla afkastagetu eða þar sem kreppa ríkir er ekki litin jafn mildum augum og aðstoð vegna atvinnusköpunar sem kemur efnahagslífinu í heild til góða.

- 6) Slík aðstoð við einstakar atvinnugreinar er til hagsbóta fyrir viðkomandi atvinnugreinar sem þar með bætir samkeppnisaðstöðu þeirra miðað við fyrirtæki í öðrum EFTA-ríkjum og aðildarríkjum EB. Aðstoð sem dregur úr launakostnaði í einni eða fleiri framleiðslugreinum dregur jafnframt úr framleiðslukostnaði í þessum greinum og gerir þeim kleift að bæta markaðshlut sinn á kostnað samkeppnisaðila á EES-svæðinu bæði í viðkomandi EFTA-ríki og viðkomandi aðildarríki EB og í útflutningi innan og utan svæðisins sem EES-samningurinn tekur til, sem leitt getur til verri atvinnuskilyrða í þessum greinum í öðrum EFTA-ríkjum eða aðildarríkjum EB. Þar af leiðandi hefur slík aðstoð þau áhrif að vernda atvinnugreinina eða greinarnar er um ræðir, einkum þar sem kreppa ríkir, og hefur gagnstæð áhrif á atvinnuástand í samkeppnisgreinum í öðrum EFTA-ríkjum og vega þessi áhrif alla jafna þyngra en sameiginlegir hagsmunir sem felast í virkum aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi; alla jafna mun eftirlitsstofnun EFTA telja slíka aðstoð ósamrýmanlega framkvæmd EES-samningsins. Þó mun eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til þess ef slík aðstoð er veitt á svæði þar sem mikið atvinnuleysi ríkir.
- 7) Eftirlitsstofnun EFTA mun þó vera hlynntari aðstoð til að skapa ný störf innan markaðsgeira eða markaðshluta í vexti þar sem vænta má verulegrar atvinnusköpunar.

18.5 Niðurstaða

- 1) Komist eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa rannsakað áætlanir EFTA-ríkjanna um aðstoð vegna atvinnumála, sem skylt er að tilkynna, að fyrirkomulag og skilyrði séu í samræmi við þessar leiðbeiningar, getur hún talið að þær samrýmist framkvæmd EES-samningsins með hliðsjón af undanþáguákvæðunum í c-lið 3. mgr. 61. gr í samningnum um aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 2) Ef aðstoð vegna atvinnumála varðar ákveðnar atvinnugreinar, fyrirtæki eða tegund aðstoðar sem sérstakar reglur gilda um er þó aðeins unnt að telja hana samrýmast framkvæmd EES-samningsins ef hún uppfyllir skilyrðin í þeim sérstöku reglum sem gilda innan ramma EES-samningsins.
- 3) Skýrsla um beitingu þessara leiðbeininga verður lögð fram og ef nauðsyn krefur verða leiðbeiningarnar endurskoðaðar fimm árum eftir gildistöku þeirra.“

Eftirfarandi skal fellt inn í leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð sem 30. kafli:

⁽¹⁸⁾ Sjá VI. hluta, einkum 28. kafla þessara leiðbeininga.

⁽¹⁹⁾ Sjá 15. kafla þessara leiðbeininga.

„30. AÐSTOÐ VEGNA STARFSEMI Á SVIÐI FLUGREKSTRAR

Haustið 1994 samþykkti framkvæmdastjórn EB leiðbeiningar um beitingu ákvæða um ríkisaðstoð í EB-sáttmálanum og EES-samningnum á sviði flugrekstrar⁽²⁰⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki verið tilkynnt um neina aðstoð frá EFTA-ríkjunum við fyrirtæki er starfa á sviði flugrekstrar. Þurfi stofnunarinnar að meta slíka aðstoð þá mun hún beita viðmiðum sem samsvara þeim sem um getur í framangreindum leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar.”

4. Eftirfarandi skal felld inn í leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð sem 31. kafli:

„31. AÐSTOÐ VIÐ SKIPASMÍÐAÐNAÐ SEM ER VEITT SEM ÞRÓUNARAÐSTOÐ TIL ÞRÓUNARLANDS⁽²¹⁾

- 1) Í 7. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn um aðstoð til skipasmíða⁽²²⁾ er kveðið á um að gildandi hámarksviðmiðun fyrir framleiðsluáðstoð, sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, gildi ekki um aðstoð vegna nýsmíði og breytinga á skipum ef hún er veitt sem þróunaraðstoð til þróunarlands.
- 2) Slík aðstoð getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef hún er í samræmi við skilmálana sem vinnuhópur nr. 6 innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur ákveðið í þessu augnamiði í samkomulagi sínu um túlkun á 6. og 8. gr. ályktunar OECD-ráðsins frá 3. ágúst 1981 (samkomulagið um útflutningslán vegna skipa).
- 3) Tilkynna verður eftirlitsstofnun EFTA fyrirfram um allar slíkar einstakar tillögur. Á grundvelli tilkynningarinnar sannreynir eftirlitsstofnunin að fyrirhuguð aðstoð feli í sér eiginlegt framlag til þróunar og hvort aðstoðin falli undir gildissvið framannefnds samkomulags.
- 4) Hvað varðar síðara atriðið gengur eftirlitsstofnun EFTA úr skugga um að fyrirhuguð aðstoð sé í samræmi við viðmiðin sem um getur í skjali OECD-stofnunarinnar C/WP6(84)3 frá 18. janúar 1984 um túlkun á 6. gr. samkomulagsins um útflutningslán fyrir skip⁽²³⁾.

⁽²⁰⁾ Beiting 92. og 93. gr. EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð á sviði flugrekstrar (Stjtið EB nr. C 350, 10. 12. 1994).

⁽²¹⁾ Þessi kafli samsvarar bréfi framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(89) D/311 dagsettu 3. janúar 1989.⁽²²⁾ Tilskipun ráðsins nr. 90/648/EBE eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins nr. 93/115/EB og tilskipun ráðsins nr. 94/73/EB. Hér á eftir verður vísað til þessara tilskipana ráðsins eins og þær voru aðlagðar vegna EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21. frá 5. apríl 1995 sem tilskipunarinnar um skipasmíðar.

⁽²³⁾ Vinnuhópur nr 6 innan ráðsins: Endurskoðun á skilgreiningum og stjórnsýslureglum varðandi samkomulagið um útflutningslán fyrir skip.

- 5) Þar af leiðandi verða EFTA-ríkin sem úthluta þróunaraðstoð að fylgja eftirtöldum viðmiðum:

1. Óheimilt er að veita aðstoð til smíði skipa sem munu sigla undir hentifána.
2. Ef ekki er unnt að flokka aðstoðina sem opinbera þróunaraðstoð innan ramma OECD-reglnanna verður gefandi að staðfesta að aðstoðin sé hluti af milliríkja-samningi.
3. Gefandi verður að láta í té viðeigandi tryggingar um að raunverulegur eigandi sé búsettur í landinu sem nýtur aðstoðarinnar og að fyrirtækið sem fær aðstoðina sé ekki óvirkt dótturfyrirtæki erlends fyrirtækis.
4. Sá sem aðstoðarinnar nýtur verður að skuldbinda sig til að selja ekki skipið nema að áður fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ennfremur verður að felast styrkur í aðstoðinni sem nemur minnst 25% í samræmi við reikniáðferðir OECD, sjá OECD-skjal C/WP6(85)62 frá 21. október 1985.

- 6) Í samkomulaginu er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinum viðmiðum til að flokka ríki sem eiga kost á þróunaraðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að teknu tilliti til starfshátta framkvæmdastjórnar EB að telja að það samræmist framkvæmd EES-samningsins að veita þróunaraðstoð til eftirfarandi landa samkvæmt skilyrðum 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

- a) ACP-ríki⁽²⁴⁾
- b) Lönd og landsvæði aðildarríkja EB handan hafsins⁽²⁵⁾
- c) Öll lönd sem ekki falla undir a- eða b-lið hér að framan en eru flokkuð á DAC-lista OECD sem þau þróunarlönd sem skemmst eru á veg komin (LLDC), lönd þar sem tekjur eru lágur (LIC) eða lönd þar sem tekjur eru undir meðallagi (LMIC). Þessi lönd er sem hér segir:
 - Afganistan (LLDC)
 - Bangladess (LLDC)
 - Bútan (LLDC)
 - Bólvía (LIC)
 - Burma (LLDC)
 - Kína (LIC)
 - Cooks-eyjar (LMIC)
 - Kostaríka (LMIC)
 - Kúba (LMIC)
 - Dóminíska lýðveldið (LMIC)

⁽²⁴⁾ Sjá ákvörðun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 1986 um gerð þriðja ACP-EBE samningsins (Stjtið. EB nr. L 86, 31. 3. 1986).

⁽²⁵⁾ Sjá ákvörðun ráðsins 86/283/EBE frá 30. júní 1986 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Efnahagsbandalag Evrópu (Stjtið. EB nr. L 175, 1. 7. 1986, bls. 46).

- Ekvador(LMIC)
 - Egyptaland (LIC)
 - El Salvador (LMIC)
 - Gvatemala (LMIC)
 - Haítí (LLDC)
 - Hondúras (LIC)
 - Indland (LIC)
 - Indónesía (LIC)
 - Alþýðulýðveldið Kampútsea (LIC)
 - Alþýðulýðveldið Kórea (LMIC)
 - Laos (LLDC)
 - Líbanon (LMIC)
 - Maldíveyjar (LLDC)
 - Mongólía (LIC)
 - Marokkó (LMIC)
 - Nepal (LLDC)
 - Níkaragva (LIC)
 - Pakistan (LIC)
 - Paragvæ (LMIC)
 - Perú (LMIC)
 - Filippseyjar (LMIC)
 - Sri Lanka (LIC)
 - Tæland (LMIC)
 - Túnis (LMIC)
 - Tyrkland (LMIC)
 - Víetnam (LIC)
 - Jemen (LLDC)
- 7) Lönd í tekjuflokkum yfir meðallagi (UMIC) eiga ekki rétt á aðstoð.
- 8) Til að vernda hagsmuni skipasmíðaiðnaðar í EFTA-ríkjunum mun eftirlitsstofnun EFTA þó heimila EFTA-ríkjunum að veita ríkjum utan frammanefndra flokka þróunaraðstoð ef EFTA-ríkin geta sýnt fram á að þriðja land sem aðild á að OECD-samkomulaginu áformi að veita þróunaraðstoð vegna sérstaks samnings. Í því tilviki kann eftirlitsstofnun EFTA að telja það samrýmast EES-
- samningnum að veita þróunaraðstoð vegna þess samnings að sama marki, reiknað samkvæmt OECD-samkomulaginu, og áformað var af þriðja landi sem aðild á að OECD-samkomulaginu.
- 9) Til að takmarka beitingu 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar og tryggja að farið sé að viðmiðunum sem um getur í 5. mgr. hér að framan er farið fram á að EFTA-ríkin samþykki hverju sinni sem tilkynnt er um þróunarverkefni samkvæmt 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar að fara að þessum viðmiðum. Einnig er þess vænst að þau veiti viðeigandi upplýsingar um samninginn svo hægt sé að meta hvernig samningsverð tengist markaðsverði á sambærilegum skipum.
- 10) Að því er varðar reglur um hentifána (1. liður í 5. mgr. hér að framan) er EFTA-ríkjunum bent á að eftirlitsstofnun EFTA telur að eftirfarandi lönd noti hentifána:
- Antigva
 - Bahamaeyjar
 - Bermúdaeyjar
 - Caymaneyjar
 - Kýpur
 - Gíbraltar
 - Líbanon
 - Líbería
 - Malta
 - Panama
 - Sankti Vinsent
 - Vanúatú
- 11) Ákvæði þessa kafla gilda þar til gerðin sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn fellur úr gildi.
5. 30. kafli í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð „Staðlaðar ársskýrslur“ og 31. kafli „Önnur sérákvæði“ verða að köflun 32 og 33.

Gjört í Brussel 6. desember 1995

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Knut ALMESTAD

Forseti

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. 96/EES/23/09
EES-samningsins og 7. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka
við EES-samninginn

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	6. 12. 1995
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	95-016
Titill:	Þróunaraðstoð til Indónesíu á sviði skipasmíðaiðnaðarins - rannsóknaskip sem verður smíðað í norskri skipasmíðastöð
Styrkþegar:	Indónesíska vísindastofnunin (kaupandi) og fjármálaráðuneytið (lántakandi)
Lagalegur grunnur:	Þróunaraðstoð í samræmi við 7. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 90/684/EBE um aðstoð til skipasmíða)
Tegund aðstoðar:	Skilyrt fjárhagsaðstoð - 100% lán sem greiðist til baka með 18 árlegum afborgunum. Fyrsta afborgun fellur í gjalddaga sjö árum eftir síðustu útborgun. Lánið ber 3,5% ársvexti
Styrkleiki aðstoðar:	45,9% styrkur í samræmi við OECD-reglurnar

Ákvörðunin var samþykkt þann:	14. 12. 1995
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	95-015 (áður aðstoð nr. 93-147)
Titill:	Áætlun um rannsóknar- og þróunarsamninga á sviði iðnaðar
Markmið:	- Aðstoð vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi
Lagalegur grunnur:	Lög nr. 97 frá 3. júlí 1992 um norska iðn- og byggðapróunarsjóðinn
Styrkleiki aðstoðar:	- Hámark 50 % af styrkhæfum kostnaði vegna grunnrannsókna á sviði iðnaðar (hámark 60% fyrir LMF) - Hámark 25% af styrkhæfum kostnaði vegna hagnýtra rannsókna og

Þróunarstarfsemi (hámark 35% fyrir LMF)	(Við útreikning á hámarksaðstoð er tekið mið af öllum öðrum styrkjum, óháð uppruna þeirra, sem veittir eru til viðkomandi verkefnis)
Fjárveiting:	Fjárveiting fyrir 1995: 39 milljónir NOK
Gildistími:	Óákveðinn
Skilyrði:	Sundurliðuð ársskýrsla

Ákvörðunin var samþykkt þann:	20. 12. 1995
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	95-006 (áður aðstoð nr. 93-214)
Titill:	Áætlun um fjárveitingu vegna endurskipulagningar og nýsköpunar
Markmið:	- Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) vegna ráðgjafarþjónustu, þjálfunar og miðlunar þekkingar - Aðstoð vegna byggðapróunar á svæðum í Noregi sem eiga rétt á aðstoð
Lagalegur grunnur:	Umburðarbréf H-27/95 frá sveitarstjórnar- og atvinnumálaráðuneytinu
Styrkleiki aðstoðar:	- 50 % af kostnaði í tengslum við „mjúka“ aðstoð vegna ráðgjafarþjónustu, þjálfunar og miðlunar þekkingar til LMF - 15 % til 35 % af kostnaði í tengslum við „mjúka“ aðstoð og fjárfestingaraðstoð vegna byggðapróunar við önnur fyrirtæki en LMF ef hún á sér stað á svæðum í Noregi sem eiga rétt á aðstoð
Fjárveiting:	Fyrir 1995: 70,6 milljónir NOK
Gildistími:	Óákveðinn
Skilyrði:	Sundurliðuð ársskýrsla

EFTA-dómstóllinn

Mál höfðað þann 19. janúar 1996 af eftirlitsstofnun EFTA gegn 96/EES/23/10 Lýðveldinu Íslandi

(Mál E-1/96)

Þann 19. janúar 1996 var mál höfðað gegn Lýðveldinu Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum af eftirlitsstofnun EFTA flutt af Hákan Berglin framkvæmdastjóra lagadeildar og skrifstofu stjórnarráðs eftirlitsstofnunar EFTA, rue de Trèves 74, B-1040 Brussel, Belgíu.

Sóknaraðili krefst þess að dómstóllinn:

1. lýsi yfir að Lýðveldið Ísland, með því að viðhalda eftir gildistöku EES-samningsins í lögum sínum um vörugjöld
 - a) ákvæði um að gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum skuli taka til 25% áætlaðrar heildsöluálagningar,og
 - b) ákvæðum sem alla jafna fela í sér að greiðsla vörugjalds af innfluttum vörum sé innt af fyrr af hendi en af vörum sem eru framleiddar, unnar eða pakkaðar á Íslandi,hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 14. gr. EES-samningsins,
2. geri varnaraðila að greiða málskostnað.

Lagalegar forsendur og meginrök til stuðnings kröfunni:

- 14. gr. í EES-samningnum sem bannar mismunun í innlendri skattlagningu er í efnisatriðum samhljóða 95. gr. í EB-sáttmálanum.

Í EES-samningnum er hvergi kveðið á um bráðabirgðaákvæði hvað varðar 14. gr. Þar af leiðandi hefur Ísland verið skuldbundið til að hlíta ákvæðum 14. gr. frá 1. janúar 1994, en þann dag öðlaðist samningurinn gildi.

- Gjaldstofn fyrir vörugjald er ekki sá sami fyrir innfluttar vörur og vörur sem eru framleiddar, unnar eða pakkaðar á Íslandi. Gjaldstofn fyrir innlendar vörur er að meginreglu til raunverulegt heildsöluverð vörunnar, með hugsanlegri undanþágu, liggja heildsöluverð ekki fyrir. Gjaldstofn innfluttra vara er hins vegar tilbúið heildsöluverð sem samanstendur af tollverði vörunnar að viðbættum gjöldum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar.

Þegar gjaldstofn fyrir vörugjöld af innfluttum vörum tekur til heildsöluálagningar sem er fyrirfram ákveðin hefur það í för með sér hættu á að vörugjöld af innfluttum vörum verði hærri en af sambærilegum innlendum vörum eða ef þær eru ekki sambærilegar keppa við innfluttu vörurnar. Sú áhætta að vörugjald á innfluttar vörur kunni að verða hærri en sama gjald á samkeppnisvörur innanlands merkir að skattakerfið er ekki hlutlaust hvað varðar samkeppni milli innlendra og innfluttra vara. Því samræmist þessi löggjöf ekki 14. gr. EES-samningsins.

- Fyrirkomulagið á innheimtu vörugjalds er ekki eins fyrir innfluttar vörur og vörur sem eru framleiddar innanlands. Vörugjald af innfluttum vörum er alla jafna innheimt við tollafgreiðslu ásamt tollum. Vörugjald af innlendum vörum reiknast við sölu eða afhendingu á vörum frá framleiðanda eða heildsala og greiðsla fer alla jafna fram nokkrum mánuðum síðar.

Með því að kveða á um styttri greiðslufrest vörugjalds af innfluttum vörum verndar löggjöfin um vörugjald innlendar vörur á kostnað erlendra vara. Löggjöfin er því ósamrýmanleg 14. gr. EES-samningsins.

**Beiðni um ráðgefandi álit frá Gulating lagmannsrett samkvæmt 96/EES/23/11
úrskurði þess dómstóls frá 27. nóvember 1995 í máli Eilert Eidesund
gegn Stavanger Catering A/S**

(Mál E-2/95)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði frá 27. nóvember 1995 frá Gulating lagmannsrett, sem barst skrifstofu dómstólsins 4. desember 1995, um ráðgefandi álit í máli Eilert Eidesund gegn Stavanger Catering A/S Ulf, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Fellur uppsögn á þjónustusamningi við eitt fyrirtæki og gerð nýs þjónustusamnings við annað fyrirtæki undir 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/187/EBE ef engin skilyrði eru sett í samningnum um yfirtöku á tækjabúnaði og/eða starfsfólki í samningnum?
2. Hefur það einhver áhrif á svarið við fyrstu spurningu ef nýja þjónustufyrirtækið tekur yfir starfsfólk og birgðir?
3. Hefur það einhver áhrif á svarið við fyrstu spurningu ef samningurinn fellur undir tilskipun ráðsins 77/62/EBE, 80/767/EBE og 88/295/EBE um gerð samninga um opinber vörukaup?
4. Taka réttindi samkvæmt 1. og 2. lið í 3. gr. í tilskipun 77/187/EBE einnig til réttinda starfsmanns til að halda tryggingum, þar með töldum lífeyristryggingum, sem hann hafði hjá atvinnurekanda sem missti samninginn, hjá nýja atvinnurekandanum?
5. Verður svarið við fyrstu spurningu annað ef:
 - a) starfsmenn í upphaflega þjónustufyrirtækinu sækja á vanalegan hátt um stöður og eru ráðnir í stöður í nýja þjónustufyrirtækinu að afstaðinni samkeppni, og
 - b) ef samningur liggur fyrir milli nýja og gamla þjónustufyrirtækisins eða milli umbjóðanda og nýja þjónustufyrirtækisins um að einnig eigi að taka yfir starfsfólk?

**Beiðni um ráðgefandi álit frá Stavanger byrett samkvæmt 96/EES/23/12
úrskurði þess dómstóls frá 5. október 1995 í máli Torgeirs Langeland
gegn Norske Fabricom AS**

(Mál E-3/95)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði frá 5. október 1995 frá Stavanger byrett (borgardómi Stafangurs), sem barst skrifstofu dómstólsins þann 4. desember 1995, um ráðgefandi álit í máli Torgeirs Langeland gegn Norske Fabricom AS, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Tekur undanþáguákvæðið í 3. mgr. 3. gr. í tilskipun ráðsins 77/187/EBE til réttis launþega til greiðslu tryggingaiðgjalda til viðbótarlífeyrissjóða sem eru utan lögskipaðra almannatryggingakerfa eða gildir undanþágan eingöngu um réttindi til lífeyrisgreiðslna úr slíkum sjóðum?
2. Er 1. mgr. 3. gr. í tilskipun ráðsins 77/187/EBE bindandi í þeim skilningi að starfsmaður megi ekki lögum samkvæmt samþykkja óhagstæðar breytingar á starfssamningi hans ef rekja má ástæðuna fyrir breytingunni til flutnings fyrirtækisins?

**ÁKVÖRÐUN FRÁ 20. DESEMBER 1995 UM OPINBERA FRÍDAGA 96/EES/23/13
EFTA-DÓMSTÓLSINS Á ÁRINU 1996**

EFTA-DÓMSTÓLLINN HEFUR,

með hliðsjón af 3. mgr. 24. gr. starfsreglnanna um að dómstóllinn virði opinbera frídaga á þeim stað þar sem hann hefur aðsetur,

með hliðsjón af 2. mgr. 76. gr. starfsreglnanna um að dómstóllinn geri lista yfir opinbera frídaga og birti hann í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af því að ákveðið hefur verið að flytja dómstóllinn til Lúxemborgar einhvern tíma á árinu og með fyrirvara um að listinn kunni að verða endurskoðaður í kjölfar flutninganna,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Á meðan dómstóllinn hefur aðsetur í Genf, Sviss, verða skrifstofur hans lokaðar á eftirtöldum opinberum fríddögum á árinu 1996:

Mánudagur	1. janúar	nýjársgdagur
Föstudagur	5. apríl	föstudagurinn langi
Mánudagur	8. apríl	annar í páskum
Fimmtudagur	16. maí	uppstigningardagur
Mánudagur	27. maí	annar í hvítasunnu
Fimmtudagur	1. ágúst	þjóðhátíðardagur Svisslendinga
Fimmtudagur	5. september	Jeûne Genevois
Föstudagur	6. september	Jeûne Genevois
Þriðjudagur	24. desember	aðfangadagur jóla
Miðvikudagur	25. desember	jóladagur
Fimmtudagur	26. desember	annar í jólum

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.708 - Exxon/DSM)

96/EES/23/14

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Exxon Chemical Holland Ventures B.V., sem tilheyrir Exxon Corporation, USA (Exxon), og DSM Plastomers B.V., sem tilheyrir samstæðunni DSM N.V., NL (DSM), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki (JV) með samningi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Exxon: Leit og framleiðsla á olíu og gasi, viðskipti með kol, steintegundir og ýmis konar kemísk efni,
 - DSM: Leit og framleiðsla á olíu og gasi, viðskipti með ýmis konar kemísk efni,
 - JV: Framleiðsla, markaðssetning og sala á ógreinóttu mjúku pólýetýleni, hörðu pólýetýleni og málmlífrænum plastómerum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 148, 22. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.708 - Exxon/DSM, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.755 - Creditanstalt/Koramic)**

96/EES/23/15

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Creditanstalt-Bankverein og Koramic Building products NV öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Wienerberger Baustoffindustrie AG og Terca Bricks N.V. með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Creditanstalt-Bankverein: Bankastarfsemi,
 - Koramic Building products NV: Eignarhaldsfélag,
 - Wienerberger Baustoffindustrie AG: Veggja-, loft- og þakeiningar, pípulagnir og fráveitutækni, fasteignastarfsemi,
 - Terca Brick N.V.: Viðskipti með múrsteina.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 146, 21. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.755 - Creditanstalt/Koramic, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.759 - Sun Alliance/Royal Insurance)**

94/EES/23/16

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem bresku fyrirtækin Sun Alliance Group plc og Royal Insurance Holdings plc sameinast að öllu leyti í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sun Alliance Group plc: Líf- og skaðatryggingar,
 - Royal Insurance Holdings plc: Líf- og skaðatryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 148, 22. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.759 - Sun Alliance/Royal Insurance, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.